

2003 nr. 81 26. mars**Lög um fjarskipti**

Tóku gildi 25. júlí 2003, sjá þó ákvæði 76. gr. EES-samningurinn: XI. viðauki tilskipun 1999/5/EB, reglugerð 2887/2000, tilskipun 2002/19/EB, 2002/20/EB, 2002/21/EB, 2002/22/EB, 2002/58/EB og 2002/77/EB. *Breytt með:* L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005). L. 78/2005 (tóku gildi 9. júní 2005). L. 74/2006 (tóku gildi 30. júní 2006). L. 39/2007 (tóku gildi 31. mars 2007). L. 143/2007 (tóku gildi 29. des. 2007). L. 82/2008 (tóku gildi 1. júní 2008, birt í Stjtið. 19. júní 2008). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 118/2008 (tóku gildi 1. okt. 2008). L. 145/2009 (tóku gildi 31. des. 2009). L. 146/2010 (tóku gildi 29. des. 2010). L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 34/2011 (tóku gildi 19. apríl 2011). L. 38/2011 (tóku gildi 21. apríl 2011; *EES-samningurinn:* X. viðauki tilskipun 89/552/EBE). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 163/2011 (tóku gildi 30. des. 2011). L. 62/2012 (tóku gildi 29. júní 2012). L. 115/2015 (tóku gildi 16. des. 2015). L. 41/2018 (tóku gildi 1. júlí 2018). L. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018). L. 53/2018 (tóku gildi 22. júní 2018). L. 72/2018 (tóku gildi 27. júní 2018). L. 90/2018 (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn:* XI. viðauki reglugerð 2016/679). L. 78/2019 (tóku gildi 1. sept. 2020). L. 125/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020; *EES-samningurinn:* XI. viðauki tilskipun 2014/61/ESB). L. 21/2020 (tóku gildi 21. mars 2020).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Markmið og gildissvið. Stjórn fjarskiptamála.**■ 1. gr. Markmið og gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet.

□ Markmið laganna er að tryggja hagkvæm og örugg fjarskipti hér á landi og efla virka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

□ Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að fjarskiptaþjónustu, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

□ Fjarskipti sem eingöngu eru boð eða sendingu með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyrja ekki undir lög þessi.

□ Lög þessi gilda ekki um efni sem sent er á fjarskiptanetum.

■ 2. gr. Stjórn fjarskiptamála.

□ [Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn fjarskipta.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

□ [Ráðherra leggur á [að minnsta kosti þriggja]²⁾ ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar³⁾ um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð skal stefna fyrir næstu [fimmtán]²⁾ árin. Í fjarskiptaáætlun skal gera grein fyrir ástandi og horfum hvað varðar fjarskipti í landinu, og meta og taka tillit til þarfa samfélagsins fyrir bætt fjarskipti. Skilgreina skal markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Markmiðin skulu stuðla að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Heimilt skal í fjarskiptaáætlun að skoða fjarskipti heildstætt í tengslum við aðra þætti samskipta, svo sem rafræn samskipti og samskipti sem byggjast á pósthjónustu.

□ Í fjarskiptaáætlun skal leggja áherslu á að:

1. ná fram víðtæku samstarfi markaðarins, neytenda, opinberra stofnana og ráðuneyta um stefnumótun er varðar fjarskipti og skyld svið,

2. styrkja samkeppni á fjarskiptamarkaði og auka samkeppnishæfni Íslands,

3. tryggja öryggi almennra fjarskiptaneta innan lands og tengingar Íslands við umheiminn,

4. ná fram hagkvæmri notkun fjármagns og hámarka jákvæð áhrif fjarskiptatækni á hagvöxt,

5. ná fram samræmdri forgangsröðun og stefnumótun, og skal forgangsröðun byggjast á mati á þörf fyrir úrbætur á landinu í heild og í einstökum landshlutum,

6. stuðla að atvinnuuppbyggingu, eflingu lífsgæða og jákvæðri byggðaðróun.

□ [Í fjarskiptaáætlun skal jafnframt mörkuð aðgerðaáætlun til næstu fimm ára. Í aðgerðaáætlun skal gera grein fyrir fjáröflun og útgjöldum eftir einstökum verkefnum eins og við á. Áður en aðgerðaáætlun er unnin leggur ráðherra fram fjárhagsramma til fjarskiptaráðs.

□ Ráðherra skipar fjarskiptaráð sem gerir tillögu til ráðherra að fjarskiptaáætlun og fimm ára aðgerðaáætlun, stefnu og forgangsröðun, að fengnum áherslum ráðherra. Í fjarskiptaráði sitja tveir fulltrúar ráðherra og skal annar þeirra vera formaður, ásamt forstjórum Póst- og fjarskiptastofnunar og Þjóðskrár Íslands. Þá situr í fjarskiptaráði fulltrúi þeirrar skrifstofu ráðuneytisins sem fer með fjarskiptamál. Skipunartími fjarskiptaráðs takmarkast við embættistíma þess ráðherra sem skipar.

□ Við gerð fjarskiptaáætlunar skal gætt að samráði við hagsmunaaðila. Jafnframt skal almenningi gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum og athugasemdum í opnu samráðsferli.²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 372. gr. ²⁾ L. 53/2018, 6. gr. ³⁾ Augl. A 89/2005.

II. kafli. Orðskýringar.**■ 3. gr.**

□ Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

[1. *Aðgangspunktur:* Efnislegur staður inni í eða fyrir utan byggingu sem er aðgengilegur fjarskiptaafyrirtækjum þar sem tenging við innanhússfjarskiptalögn sem er tilbúin fyrir háhraðatengingu er gerð aðgengileg.]¹⁾

[2.]¹⁾ *Aðgangur:* Að veita öðru fjarskiptaafyrirtæki aðgang að fjarskiptaneti, aðstöðu eða fjarskiptaþjónustu samkvæmt fastsettum skilmálum í þeim tilgangi að veita fjarskiptaþjónustu.

[3.]¹⁾ *Almenn talsímaþjónusta:* Þjónusta opin almenningi sem miðlar innlendum og alþjóðlegum símtölum um notendabúnað sem er tengdur föstum nettengipunkti.

[4.]¹⁾ *Almenningssími:* Sími sem er opin almenningi til notkunar gegn greiðslu.

[5.]¹⁾ *Almennt talsímanet:* Fjarskiptanet sem er notað til að bjóða almenna talsímaþjónustu. Netið gerir flutning milli nettengipunkta mögulegan, bæði á tali og öðrum tegundum boðskipta, svo sem faxi og gögnum.

[6.]¹⁾ *Almennt fjarskiptanet:* Fjarskiptanet sem er notað að öllu eða mestu leyti til að bjóða almenna fjarskiptaþjónustu.

[7.]¹⁾ *Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta af tilteknum lágmarksgæðum sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.

[8.]¹⁾ *Áskrifandi:* Einstaklingur eða lögaðili sem er aðili að samningi við seljanda almennrar fjarskiptaþjónustu um afhendingu slíkrar þjónustu.

[9.]¹⁾ *Breiðskjársjónvarpsþjónusta:* Sjónvarpsþjónusta sem samanstandur að öllu leyti eða hluta til af dagskrárefni sem er framleitt til þess að sýna í breiðskjárformi með mynd í fullri hæð.

[10. *Efnislegt grunnvirki:* Netþáttur sem er ætlað að hýsa aðra netþætti án þess að verða sjálfur að virkum þætti í netinu, svo sem rör, möstur, lagnir, brunnar til að sinna eftirliti,

mannop, tengikassar, byggingar eða inngangar að byggingum, loftnetsbúnaður, turnar og súlur. Hins vegar eru kaplar, þar á meðal svartur ljósleiðari, sem og netþættir sem eru notaðir til að afhenda neysluvatn, eins og það er skilgreint í íslenskum reglum um neysluvatn, ekki efnisleg grunnvirki í skilningi þessara laga.]¹⁾

[[11.]¹⁾ *Evrópugjaldskrá*: Gjaldskrá sem er ekki hærrí en samræmist hámarksgjaldi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um reiki á almennum farsímanetum innan bandalagsins.]²⁾

[12.]¹⁾ *Fast forval*: Möguleiki sem áskrifendum í talsímaþjónustu er boðinn og gefur þeim kost á að velja að ákveðnum flokkum símtala sé beint til ákveðins þjónustuveitanda, sem valinn er fyrir fram, án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda.

[13.]¹⁾ *Fjarskiptafyrirtæki*: Einstaklingur eða lögaðili sem hefur tilkynnt Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaðan rekstur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanets.

[14.]¹⁾ *Fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]*:³⁾ Fjarskiptafyrirtæki sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skilgreint með [umtalsverðan markaðsstyrk.]³⁾

[15.]¹⁾ *Fjarskiptanet*: Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla merkjum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.

[16.]¹⁾ *Fjarskiptavirki*: Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað að koma á fjarskiptum eða reka þau hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

[17.]¹⁾ *Fjarskiptaþjónusta*: Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet, [þ.m.t. tölvupóstþjónusta og netaðgangur].⁴⁾

[18.]¹⁾ *Fjarskipti*: Hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.

[19.]¹⁾ *Forritatengsl*: Hugbúnaðartengsl milli forrita, sem eru gerð aðgengileg af útvarpsstöðvum eða þjónustuveitendum, og úrræða í þróuðum stafrænum sjónvarpsbúnaði fyrir stafræna sjón- og hljóðvarpsþjónustu.

[20.]¹⁾ *Forskeyti*: Númer sem notandi verður að velja á undan símanúmeri til að fá aðgang að þjónustuaðila.

[21. *Háhraðafjarskiptanet*: Fjarskiptanet sem getur veitt háhraðaáðgangspjónustu með a.m.k. 30 megabita hraða á sekúndu.]¹⁾

[22.]¹⁾ *Heimtaug*: Koparlína sem tengir nettengipunkt í húsnæði áskrifanda við tengigrind eða samsvarandi aðstöðu í hinu almenna talsímaneti.

[23. *Innanhússfjarskiptalögn*: Efnislegt grunnvirki eða búnaður, þ.m.t. þættir í sameiginlegu eignarhaldi, sem er á þeim stað endanlegs notanda sem ætlaður er til að hýsa fasttengd og/eða þráðlaus aðgangsnét þar sem slík aðgangsnét eru fær um að veita fjarskiptaþjónustu og tengja aðgangspunkt byggingarinnar við nettengipunktinn.

24. *Innanhússfjarskiptalögn sem er tilbúin fyrir háhraðatengingu*: Innanhússfjarskiptalögn sem ætluð er til að hýsa þætti háhraðafjarskiptaneta eða auðvelda afhendingu þeirra.]¹⁾

[[25.]¹⁾ *Mikilvægir innviðir*: Mikilvægir innviðir samkvæmt skilgreiningu laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.]⁵⁾

[26.]¹⁾ *[Net- og upplýsingakerfi*: Net- og upplýsingakerfi samkvæmt skilgreiningu laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.]⁵⁾⁶⁾

[[27.]¹⁾ *Netaðgangspjónusta*: Rafræn fjarskiptaþjónusta sem er aðgengileg öllum og veitir aðgang að internetinu og þar með tengingu við því sem næst alla endapunkta internetsins, án tillits til þeirrar nettækni og endabúnaðar sem notaður er.]⁷⁾

[28.]¹⁾ *Nettengipunktur*: Efnislegur tengipunktur þar sem áskrifanda er veittur aðgangur að almennu fjarskiptaneti.

[[29.]¹⁾ . . . ⁵⁾

[30.]¹⁾ *[Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar eða netöryggissveitin*: Öryggis- og viðbragðsteymi samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun.]⁵⁾⁶⁾

[31.]¹⁾ *Notandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptaþjónustu.

[[32.]¹⁾ *Nothæf internetþjónusta*: Virkni, gæði og tæknilegir eiginleikar sem internetþjónusta skal að lágmarki búa yfir þannig að þjónustan geti komið notendum að gagni í daglegu lífi. Lágmarksvirkni, gæði og tæknilegir eiginleikar internetþjónustu eru nánar tilgreindir í reglugerð ráðherra.]⁸⁾

[33.]¹⁾ *Númer og vistföng*: Röð tákna sem eru notuð til að auðkenna einstaka áskrifendur í fjarskiptavirkjum.

[[34.]¹⁾ *Ómissandi upplýsingainnviðir*: Upplýsingakerfi þeirra mikilvægu samfélagslegu innviða sem tryggja eiga þjóðaröryggi, almannaheill og margs konar öflun aðfanga í þróuð og tæknivæddu þjóðfélagi. Um er að ræða þann tækja- og hugbúnað sem nauðsynlegur er til reksturs og virkni kerfisins og þær upplýsingar sem þar eru hýstar eða um kerfið fara. Ríkislögreglustjóri skilgreinir ómissandi upplýsingainnviði.]⁶⁾

[[35.]¹⁾ *Reikisímtal í farsímaneti*: Símtal úr farsíma sem reikivíðskiptavinur hringir frá farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttekið af reikivíðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.]²⁾

[[36.]¹⁾ *Reikiþjónusta*: Símtalsþjónusta, SMS-þjónusta, MMS-þjónusta og önnur gagnaflutningsþjónusta í farsímaneti sem á upphaf hjá víðskiptavini í farsímaneti rekstraraðila hér á landi og lýkur í farsímaneti rekstraraðila í öðru ríki eða er móttekið af víðskiptavini með upphaf í almennu símaneti í öðru ríki og lýkur í farsímaneti rekstraraðila hér á landi.]⁹⁾

[37.]¹⁾ *Samhýsing*: Aðgangur að rými og tækniþjónustu sem er nauðsynlegur til að koma viðeigandi búnaði réttthafa fyrir með góðu móti og tengja hann.

[38.]¹⁾ *Samruni*: Um skilgreiningu á samruna fer eftir samkeppnislögum.

[39.]¹⁾ *Samtenging*: Efnisleg og rökvis tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem er veitt af öðru fjarskiptafyrirtæki. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.

[40.]¹⁾ *Skadleg truflun*: Truflun sem setur í hættu, rýrir alvarlega, hindrar eða truflar endurtekið þráðlausa fjarskiptaþjónustu.

[41.]¹⁾ *Skilyrt aðgangskerfi*: Sérhver tæknileg ráðstöfun eða fyrirkomulag sem veitir aðgang að lokaðri hljóð- eða sjónvarpsþjónustu.

[42.]¹⁾ *Virðisaukandi þjónusta*: Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.

[43.]¹⁾ *Yfirgjald*: Gjald fyrir virðisaukandi þjónustu sem er hærra en almennt símtalagjald.

[[44.]¹⁾ . . . ⁵⁾]

[[45.]¹⁾ *Þráðlaus fjarskiptabúnaður*: Rafmagns- eða raf-eindavara sem hefur þann tilgang að gefa frá sér eða taka við hátíðnilylgjum fyrir þráðlaus fjarskipti eða staðsetning-arákvörðun, eða rafmagns- eða rafeindavara sem verður að bæta við aukabúnaði, svo sem loftneti, til að geta gefið frá sér eða tekið við hátíðnilylgjum fyrir þráðlaus fjarskipti eða staðsetningarákvörðun.]⁷⁾

[46.]¹⁾ *Þróaður stafrænn sjónvarpsbúnaður*: Aðgangskassi sem tengist sjónvarpstæki eða stafrænt sjónvarpstæki sem getur tekið á móti stafrænni gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.

[47. *Öryggi net- og upplýsingakerfa*: Öryggi net- og upplýsingakerfa samkvæmt skilgreiningu laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.]⁵⁾

[[48.]⁵⁾ *Öryggisatburður*: Það að upp kemur staða kerfis, þjónustu eða nets sem gefur til kynna hugsanlegt brot gegn öryggisstefnu eða bilun í öryggisráðstöfun, eða þá áður óþekkt staða sem getur skipt máli fyrir öryggi.

[49.]⁵⁾ *Öryggisatvik*: Atvik sem er gefið til kynna með einum eða fleiri óæskilegum eða óvæntum öryggisatburðum sem talsverðar líkur eru á að stofni rekstrarþáttum í hættu og ógni upplýsingaöryggi [og atvik í skilningi laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða].⁵⁾]

¹⁾ L. 125/2019, 15. gr. ²⁾ L. 118/2008, 1. gr. ³⁾ L. 78/2005, 12. gr. ⁴⁾ L. 39/2007, 1. gr. ⁵⁾ L. 78/2019, 30. gr. *Frá því að þau lög voru birt í Stjórn. 5. júlí 2019 og þar til þau tóku gildi 1. sept. 2020 var fimm nýjum orðskýringum bætt við greinina með l. 125/2019, 15. gr., sem tóku gildi 1. jan. 2020. Breytingar skv. l. 78/2019, 30. gr., eru færðar inn í lagagreinina eins og hún var þegar þau lög voru birt.* ⁶⁾ L. 62/2012, 2. gr. ⁷⁾ L. 41/2018, 1. gr. *Þar segir í b-lið að á eftir 37. tölu. komi nýr töluúður en eftir breytingu á greininni skv. l. 72/2018, 2. gr., er sá töluúður orðinn 38. tölu. og er hinn nýi töluúður því settur á eftir þeim töluúð í rétta stafrófsröð.* ⁸⁾ L. 72/2018, 2. gr. ⁹⁾ L. 145/2009, 1. gr.

III. kafli. Heimild til fjarskiptastarfsemi.

■ 4. gr. Heimildir.

□ Fjarskiptafyrirtæki hafa almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Heimild þessi nær til einstaklinga og lögaðila sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins og enn fremur í aðildarríkjum Alþjóða-viðskiptastofnunarinnar, eftir því sem [ráðherra]¹⁾ ákveður með reglugerð.²⁾

□ Fjarskiptafyrirtæki sem býður fjarskiptanet, fjarskiptaþjónustu eða aðstöðu sem tengist fjarskiptanetum og þjónustu skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun áður en starfsemi hefst og veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna skráningar á viðkomandi fjarskiptafyrirtæki og starfsemi þess.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa á grundvelli almennrar heimildar. Að beiðni fjarskiptafyrirtækis skal Póst- og fjarskiptastofnun innan viku frá því að beiðni barst stofnuninni gefa út staðfestingu þess að fyrirtækið hafi tilkynnt sig til skráningar.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr. ²⁾ Rg. 734/2000.

■ 5. gr. Lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild.

□ Fjarskiptafyrirtæki sem hafa almenna heimild skv. 4. gr. eiga rétt á að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og að leggja fram umsóknir um heimild til að koma upp aðstöðu skv. 69. gr.

□ Almenn heimild veitir fyrirtækjum sem bjóða eða hyggjast bjóða almenna fjarskiptaþjónustu og almenn fjarskiptanet rétt til að semja um samtengingu og þar sem það á við að fá aðgang að eða samtengingu við önnur fjarskiptafyrirtæki.

□ Almenn heimild veitir sömuleiðis rétt til þess að koma til greina sem alþjónustuveitandi.

■ 6. gr. Skilyrði almennrar heimildar.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur¹⁾ um almennar heimildir. Skilyrði skulu vera hlutlæg og skýr og jafnræðis gætt við veitingu heimilda.

□ Skilyrði geta verið eitt eða fleiri af eftirtöldum:

a. að greitt verði [jöfnunargjald]²⁾ skv. 22. gr.,

b. að tryggð verði gagnkvæm starfræksla þjónustu og samtenging neta í samræmi við 24. gr.,

c. að áskrifendum fjarskiptafyrirtækja verði tryggður aðgangur að númerum,

d. kröfur varðandi umhverfisvernd og skipulag, kröfur tengdar aðgangi að almenningum eða eignarlöndum, skilyrði tengd samhýsingu og samnýtingu aðstöðu, fjárhagslegar eða tæknilegar ábyrgðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja rétta útfærslu framkvæmda,

e. . . . ,³⁾

f. um verndun persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs,

g. um neytendavernd á sviði fjarskiptastarfsemi,

h. um takmarkanir að því er varðar sendingu á ólöglegu innihaldi og takmarkanir á skaðlegu innihaldi sjónvarpsefnis,

i. að veittar verði nauðsynlegar upplýsingar vegna skráningar og eftirlits,

j. að heimila þar til bærum yfirvöldum að hafa afskipti af fjarskiptanetum í samræmi við ákvæði um úrvinnslu og meðferð persónuupplýsinga,

k. að tryggja fjarskipti milli björgunarsveita og yfirvalda og útvarpssendingar til almennings þegar stórslys og hamfarir verða,

l. um ráðstafanir til að takmarka áhættu almennings af rafsegulsviðum sem stafar frá fjarskiptanetum,

m. um aðgangsskyldur aðrar en greint er frá í VII. kafla,

n. um að viðhalda heildstæði almennra fjarskiptaneta, þ.m.t. skilyrði um að koma í veg fyrir rafsegultruflanir milli fjarskiptaneta eða þjónustu,

o. um öryggi almennra neta gagnvart ólöglegum aðgangi,

p. um notkun tíðna þegar slík notkun er ekki háð einstakri úthlutun réttinda til að nota tíðnir,

q. um ráðstafanir gerðar til að tryggja að fylgt verði stöðlum eða kröfum skv. 59. gr.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur að auki sett skilyrði sem varða rekstraröryggi neta, tryggingu um samstæði neta og samhæfni mismunandi þjónustu. Til þess að tryggja öryggi fjarskipta landsins við umheiminn getur Póst- og fjarskiptastofnun gert að skilyrði að fjarskiptafyrirtæki sem reka talsíma- eða gagnaflutningssambönd til útlanda noti til þess fleiri en eina leið og að fyrirtækin geri ráðstafanir til þess að flytja talsíma- og gagnaflutningsþjónustu við útlönd af bilaðri eða rofinni leið yfir á aðra nothæfa leið innan tímamarka sem stofnunin setur.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur sett það skilyrði að eigendur fjarskiptafyrirtækis með [umtalsverðan markaðsstyrk]⁴⁾ rýri ekki efnahag fyrirtækisins eða geri aðrar óvenju- legar ráðstafanir sem dragi verulega úr möguleikum fyrirtækisins til að uppfylla skyldur samkvæmt þessum lögum.

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, í samræmi við ákvæði laga þessara um aðgang, samtengingu og alþjónustu.

□ [Fjarskiptafyrirtæki skulu án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar lögleggrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu.

□ Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum ber að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu skv. 6. mgr. Gjöld fyrir aðgang skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.⁵⁾

¹⁾ Rgl. 345/2005. ²⁾ L. 47/2018, 28. gr. ³⁾ L. 62/2012, 3. gr. ⁴⁾ L. 78/2005, 12. gr. ⁵⁾ L. 78/2005, 2. gr.

IV. kaffi. Úthlutun tíðna og númera.

■ 7. gr. Réttindi til að nota tíðnir og númer.

□ [Fjarskiptatíðnir innan íslensks yfirráðasvæðis og númer úr íslenska númeraskipulaginu eru auðlindir undir stjórn íslenska ríkisins. Úthlutun á tíðnum og númerum felur í sér tímabundna heimild til skilyrtra afnota sem hvorki leiðir til eignarréttar né varanlegs nýtingar- og ráðstöfunarréttar.]¹⁾

□ Þegar réttindi til notkunar ákveðinna tíðna og númera falla ekki undir þ-lið 2. mgr. 6. gr. skal Póst- og fjarskiptastofnun að fenginni umsókn úthluta slíkum réttindum til fjarskiptafyrirtækja sem reka eða nota fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild. Einnig má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til útvarpsstöðva að lokinni opinni og gegnsærri málsmeðferð án mismununar, enda þjóni slík úthlutun markmiðum stjórnvalda. Að auki má úthluta réttindum fyrir notkun tíðna til aðila sem starfrækja þráðlausan fjarskiptabúnað til eigin nota. Réttindi samkvæmt þessari grein eru bundin við nafn og er framsal óheimil.

□ [Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega upplýsingar um öll réttindi til notkunar á tíðnum og númerum og rétthafa þeirra. Tíðniheimildir sem veittar eru til eigin nota má undanskilja birtingu, svo og upplýsingar um tíðniheimildir sem sanngjarnt og eðlilegt er að leynt fari vegna mikilvægra öryggis-, fjárhags- eða viðskiptahagsmuna rétthafa.]¹⁾

¹⁾ L. 34/2011, 2. gr.

■ 8. gr. Samruni og skipting fyrirtækja.

□ Ef fjarskiptafyrirtæki sem hefur réttindi til tíðninothkunar tekur þátt í samruna getur Póst- og fjarskiptastofnun fellt réttindi þess til tíðninothkunar úr gildi að fullu eða að hluta til eða breytt skilyrðum réttinda ef hætta er á því að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlad eða forsendur fyrir veitingu tíðniréttinda eru að öðru leyti verulega breyttar eða brostnar.

□ Tilkynna skal Póst- og fjarskiptastofnun um samruna skv. 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökubod eða að tiltekinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum innan þrjátíu daga frá því að fullnægjandi tilkynning berst ef hún telur ástæðu til að taka málið til athugunar. Ákvörðun um niðurfellingu eða breytingu á réttindum skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar. Vanræki fyrirtæki tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun tekið málið til athugunar og ákvörðunar þegar stofnunin fær vitneskju um viðkomandi samruna. Um málsmeðferð fer samkvæmt þessari málsgrein. □ Ef fyrirtæki sem hefur réttindi til tíðninothkunar er skipt í

tvö eða fleiri fyrirtæki getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað að réttindi til tíðninothkunar, eða hluti þeirra, verði yfirfærð til fyrirtækis sem til verður við skiptinguna. Slík heimild er háð því að ekki sé hætta á því að samkeppni eða hagkvæmri nýtingu tíðnirófsins verði hamlad og að hið nýja fyrirtæki teljist hafa getu til þess að standa við þau skilyrði sem réttindunum fylgja.

□ Ákvæði 1.–3. mgr. gilda einnig um réttindi til notkunar á númerum eftir því sem við á.

■ 9. gr. Takmarkanir á úthlutun réttinda.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur takmarkað fjölda úthlutana á réttindum til að nota ákveðnar tíðnir þegar það er nauðsynlegt til að tryggja skilvirka notkun tíðna. [Við töku ákvörðana um að takmarka fjölda réttinda eða framlengja gildistíma réttinda á tíðnisviði þar sem fjöldi réttinda er takmarkaður skal leggja áherslu á hagsmuni notenda og að örva samkeppni, auk þess sem tillit skal tekið til hvata og áhættu við fjárfestingar, og skal öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, gefið tækifæri til þess að tjá sig um takmarkanir á réttindum áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun sína sem skal birt ásamt rökstuðningi.]¹⁾ Kynna skal aðferðina sem notuð verður við úthlutun réttinda og auglýsa eftir umsóknunum. Póst- og fjarskiptastofnun skal með reglulegu millibili endurskoða takmarkanir sem settar hafa verið m.a. að beiðni fjarskiptafyrirtækja sem hlut eiga að máli. Ef hægt er að veita frekari réttindi til notkunar tíðna skal auglýst eftir umsóknunum.

¹⁾ L. 34/2011, 3. gr.

■ 10. gr. Skilyrði um notkun tíðna og númera.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur sett eftirfarandi skilyrði fyrir notkun tíðna:

- a. að úthlutun tíðna taki aðeins til ákveðinnar þjónustu eða tegundar nets eða tækni, þ.m.t., þegar við á, úthlutun einkaréttinda fyrir sendingar með sérstöku innihaldi eða fyrir ákveðna mynd- eða hljóðþjónustu,
- b. að notkun tíðna sé skilvirk,
- c. að búnaður og rekstur fjarskiptafyrirtækis geri skaðlegar truflanir og rafsegulgeislun sem almenningur getur orðið fyrir sem minnstar,
- d. að gildistími skuli takmarkaður með tilliti til þjónustu sem um er að ræða; gildistíminn skal vera með fyrirvara um breytingar á tíðniplani,
- e. að afnotagjöld skuli ákvörðuð að því marki sem nauðsynlegt er til þess að tryggja hagkvæmstu notkun tíðna,
- f. að efnar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útbóði,
- g. að tekið sé mið af kvöðum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um notkun tíðna.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur enn fremur sett eftirfarandi skilyrði við úthlutun númera:

- a. að úthlutun réttinda til að nota númer gildi aðeins fyrir ákveðna þjónustu,
- b. um framboð þjónustunnar,
- c. að notkun númeranna sé skilvirk og nýtin,
- d. að boðið sé upp á númeraflutning,
- e. að veittar séu almennar símaskrárupplýsingar,
- f. að gildistími réttindanna sé takmarkaður; gildistíminn skal vera með fyrirvara um breytingar á númeraplani,
- g. að leyfishafi greiði afnotagjöld,
- h. að efnar séu skuldbindingar sem gengist er undir í útbóði,

i. að tekið sé mið af kvöðum samkvæmt alþjóðlegum samþykktum um notkun númera.

■ **11. gr.** *Málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir og númer.*

□ [Póst- og fjarskiptastofnun skal taka ákvörðun um réttindi til þess að nota tíðnir og númer eins fljótt og unnt er eftir móttöku umsóknar. Ákvörðun skal liggja fyrir innan þriggja vikna ef um er að ræða númer sem ætluð eru til ákveðinnar notkunar samkvæmt númeraskipulaginu og innan sex vikna ef tíðnir eru ætlaðar til ákveðinnar notkunar í tíðniskipulaginu.

□ Umsókn um réttindi til tíðninothagnar skal taka til afgreiðslu án tafar ef hún lýtur eingöngu að óverulegum hluta af skilgreindu tíðnisviði og úthlutun hefur þannig ekki teljandi áhrif á framboð þess eða neikvæð áhrif á samkeppni.

□ Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun umsókn um tíðnir til að veita almenna fjarskiptaþjónustu eða til útvarps, sem ekki fellur undir 2. mgr., og skal stofnunin þá með auglýsingu kanna hugsanlegan vilja annarra til að fá úthlutun á umræddu tíðnisviði. Komi í ljós áhugi um að fá úthlutun á viðkomandi tíðnisviði er heimilt að taka ákvörðun um að úthlutun fari fram með útboði eða uppboði skv. 6. eða 7. mgr. eftir því sem við á.

□ Krefjast má þess af umsækjendum um réttindi að þeir leggi fram fullnægjandi upplýsingar um eignaraðild, fjárhagsstöðu og fyrirhugaða starfsemi, svo og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar teljast til að leggja mat á umsóknir þeirra. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja sérstök skilyrði varðandi hæfi umsækjanda um fjarskipta- og útvarpstíðnir til að fá úthlutun, svo sem um fjárhagslega burði til uppbyggingar og reksturs fjarskiptanets sem ætlað er til að nota þær tíðnir sem sótt er um, tæknilega getu og reynslu umsækjanda til að reka almenna fjarskiptaþjónustu og að umsækjandi hafi ekki brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða vanefnt verulega skilmála fyrri úthlutana tíðniréttinda.

□ Setja má skorður við úthlutun tíðna fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem byggjast á menningarlegum sjónarmiðum, svo sem til þess að stuðla að almennri menningarþróun og efla íslenska tungu. Einnig má setja skorður við úthlutun tíðna ef úthlutun getur orðið til þess að hindra virka samkeppni á fjölmiðlamarkaði.

□ Viðhafa má útboð við úthlutun réttinda til að nota númer og tíðnir. Útboð skal að jafnaði vera opið en heimilt er að hafa útboð lokað að undangengnu opnu forvali. Póst- og fjarskiptastofnun annast framkvæmd útboða og ákveður skilmála í útboðslýsingu. Útboðslýsing skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til þess að bjóðanda sé unnt að leggja fram tilboð í réttindi. Í útboðslýsingu fyrir útboð á tíðnum skulu m.a. koma fram upplýsingar um lágmarksþjónustuvæði, afmörkun þess tíðnisviðs sem boðið er út, hversu mörg réttindi eru í boði, gildistími réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, hæfi bjóðanda, aðra skilmála varðandi útboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði sem boðið er út. Skýrar upplýsingar skulu koma fram um mat á tilboðum. Óheimilt er að leggja fram frávikstilboð nema það sé sérstaklega heimilað í útboðslýsingu. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu tíðnisviði.

□ Ráðherra getur ákveðið að úthlutun fari fram að loknu uppboði. Í ákvörðun um uppboð skal koma fram hvort rétt-

indi skuli bundin skilyrðum sem þjóna eiga samfélagslegum markmiðum, t.d. að ákveðin þjónusta verði boðin á tilteknu útbreiðslusvæði. Póst- og fjarskiptastofnun ákveður skilmála uppboðs að öðru leyti. Póst- og fjarskiptastofnun annast framkvæmd uppboða og úthlutun réttinda að loknu uppboði. Póst- og fjarskiptastofnun getur falið öðrum hæfum aðila að annast tiltekna þætti í framkvæmd uppboðs. Í uppboðsskilmálum skal tilgreina nákvæmlega þær tíðnir eða númer sem boðin eru upp, gildistíma réttinda, hvort réttindin verða bundin við tiltekna þjónustu eða tækni, greiðslufyrirkomulag, lágmarkskröfur sem gerðar eru til bjóðanda, aðra skilmála varðandi uppboðið sjálft og um notkun og nýtingu á því tíðnisviði eða númerum sem boðin eru upp. Í skilmálum er m.a. heimilt að mæla fyrir um þátttökugjald sem standa skal strauum af kostnaði við undirbúning og framkvæmd uppboðs. Ákveða má lágmarksboð sem skal ekki vera herra en sem svarar fimmtánföldu árgjaldi fyrir viðkomandi tíðnir eða númer eins og það er ákveðið í lögum um Póst- og fjarskiptastofnun. Ákveða má afslátt af lágmarksboði fyrir tíðniréttindi, til að mynda gegn kvöð um íþyngjandi skilyrði, svo sem um útbreiðslu og gæði þjónustu. Ákveða má brottvísun aðila frá uppboði og sektir ef ekki er staðið við tilboð eða brotið er gegn uppboðsskilmálum og geta þær numið allt að einföldu árgjaldi fyrir þau réttindi sem boðið er í, eða þeim mismun sem er á tilboði sem ekki er staðið við og þeirri greiðslu sem fæst fyrir réttindin í lok uppboðs. Áskilja má að trygging sé sett fyrir greiðslu tilboða og sekta. Heimilt er að takmarka fjölda tilboða frá hverjum bjóðanda eða tengdum aðilum og einnig er heimilt að takmarka þátttöku aðila sem þegar hafa réttindi á sambærilegu númera- eða tíðnisviði.

□ Við úthlutun réttinda er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða fyrir fram fjárhæð og fyrirkomulag dagsekta sem leggjast á fjarskiptafyrirtæki sem ekki uppfyllir þær skuldbindingar sem réttindin kveða á um. Dagsektir samkvæmt þessu ákvæði geta numið allt að 500.000 kr. á dag.

□ Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun númera er heimilt að framlengja málsmeðferðarfræst skv. 1. mgr. um þrjár vikur. Ef ákveðið er að halda útboð eða uppboð við úthlutun tíðna er einnig heimilt að framlengja málsmeðferðarfræst skv. 1. mgr., þó ekki lengur en um átta mánuði.

□ Nánar skal kveðið á um málsmeðferð við veitingu réttinda til að nota tíðnir í reglugerð¹⁾ sem ráðherra setur. Í reglugerðinni skal m.a. kveða nánar á um framkvæmd og skilmála útboða og uppboða.]²⁾

¹⁾ Rg. 1047/2011. Rg. 305/2019. ²⁾ L. 34/2011, 4. gr.

■ **12. gr.** *[Breytingar og afturköllun á réttindum.*

□ Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að breyta skilyrðum í almennum heimildum og skilyrðum fyrir úthlutun réttinda.

□ Réttindi til notkunar tíðna og númera má afturkalla í þágu almannahagsmuna ef mikilvægar forsendur fyrir réttindunum breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegra samþykpta sem Ísland er aðili að.

□ Fyrirhugaðar breytingar og afturkallanir skulu kynntar hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en mánuður.

□ Ef gildistími réttinda til notkunar á tíðnum eða númerum er framlengdur er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að gera breytingar á skilyrðum réttindanna eða bæta við skilyrðum.]¹⁾

¹⁾ L. 34/2011, 5. gr.

■ **13. gr.** *Upplýsingar um heimildir og réttindi.*

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út nauðsynlegar upplýsingar um réttindi, skilyrði, málsmeðferð, gjöld og ákvarðanir um almennar heimildir. Ef hluti þessara upplýsinga er í vörslu annars stjórnvalds skal Póst- og fjarskiptastofnun birta yfirlit yfir slíkar upplýsingar og hvar þær er að finna.

■ **14. gr.** *[Skipulag tíðnirófsins.]¹⁾*

□ [Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmasti nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið og birta það opinberlega, og veita upplýsingar um skipulagið eftir þörfum. Stofnunin getur ákveðið að ákvarðanir alþjóðastofnana, sem Ísland á aðild að, varðandi skipulag og nýtingu tíðnirófsins verði bindandi hér á landi og skal þá vísað til þeirra í tíðniskipulaginu sem stofnunin birtir.]¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ getur í reglugerð³⁾ sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna, jafnt til fjarskiptafyrirtækja sem notenda.

¹⁾ L. 34/2011, 6. gr. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr. ³⁾ Rg. 1047/2011. Rg. 305/2019.

■ **15. gr.** *Skipulag númera og vistfanga.*

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal viðhalda skipulagi númera sem nota má fyrir hvers konar fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. númerakóða fyrir net. Upplýsingar um númeraskipulag og allar breytingar á því skulu birtar opinberlega.

□ [Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með sameiginlegum númeragrunni til uppflettingar á númerum og framkvæmdar á númeraflutningum. Högun númeragrunnsins, svo sem skráningar á kóðum og merkingar á númeraröðum, uppflettingar- og miðlunarmöguleikar og gerð sameiginlegra verkferla um númeraflutninga, er háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar.]¹⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur²⁾ um númer, númeraraðir og vistföng.

□ [Ráðherra]³⁾ getur sett reglugerð um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar við útgáfu vistfanga.

¹⁾ L. 62/2012, 4. gr. ²⁾ Rgl. 590/2015, sbr. rgl. 1289/2016. ³⁾ L. 162/2010, 239. gr.

V. kafli. Markaðir.

■ **16. gr.** *Skilgreining markaða.*

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal skilgreina þjónustu- eða vörumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Haft skal samráð við [Samkeppniseftirlitið]¹⁾ þegar við á.

¹⁾ L. 39/2007, 2. gr.

■ **17. gr.** *Framkvæmd markaðsgreiningar.*

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal með hliðsjón af 16. gr. greina viðkomandi markaði með hliðsjón af skuldbindingum samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þegar við á skal gera greininguna í samstarfi við [Samkeppniseftirlitið].¹⁾

□ Markaðsgreiningin skal vera grundvöllur ákvörðunar um hvort Póst- og fjarskiptastofnun skuli leggja á, viðhalda, breyta eða fella niður kvaðir á fyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]²⁾ skv. 18. gr. Ef samkeppni telst virk skulu ekki lagðar kvaðir á fyrirtæki á þeim mörkuðum. Ef virk samkeppni ríkir ekki á viðkomandi markaði skal útnefna fyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]²⁾ á þeim markaði í samræmi við 18. gr. Leggja má á þau kvaðir samkvæmt lög-

um þessum eða viðhalda eða breyta kvöðum sem þegar hafa verið lagðar á.

¹⁾ L. 39/2007, 2. gr. ²⁾ L. 78/2005, 12. gr.

■ **18. gr.** *[Umtalsverður markaðsstyrkur.]¹⁾*

□ Fyrirtæki telst hafa [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ ef það eitt sér eða með öðrum hefur þann efnahagslega styrkleika á ákveðnum markaði að geta hindrað virka samkeppni og það getur að verulega leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

□ Þegar fyrirtæki eitt sér eða með öðrum hefur [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ á tilteknum markaði getur það einnig talist hafa [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ á tengdum markaði ef tengsl milli markaðanna eru slík að fyrirtæki getur beitt markaðsstyrk sínum á öðrum markaðinum til að auka markaðsstyrk sinn á hinum.

□ [Ráðherra]²⁾ er heimilt að setja reglugerð³⁾ um nánari sundurliðun markaða skv. 16. gr., um greiningu á stöðu markaða og um mælikvarða sem nota skal við mat á því hvort fyrirtæki, eitt eða fleiri saman, hafi [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ samkvæmt þessari grein.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr. ³⁾ Rg. 741/2009, sbr. 206/2018.

VI. kafli. Um alþjónustu og sértæka fjarskiptaþjónustu.

■ **19. gr.** *Réttur til alþjónustu.*

□ Allir notendur skulu eiga rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu, með þeim undantekningum sem greinir í 2. og 4. mgr.

□ Ef nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið ef einungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilfellum veitt þjónustuveitanda undanþágu frá þessu ákvæði.

□ [Til alþjónustu telst m.a. símaþjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar samfélagslegar þarfir og gagnaflutningsþjónusta sem tryggir nothæfa internetþjónustu. Þjónustutegundir alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.]¹⁾ Póst- og fjarskiptastofnun skal enn fremur tryggja að notendur hafi aðgang að a.m.k. einni símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónustu um öll símanúmer. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um að setja upp og starfrækja almenningssíma og getur ákveðið staðsetningu þeirra.

□ Sjái fjarskiptafyrirtæki sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur um synjun borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til ákvörðunar.

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 72/2018, 3. gr.

■ **20. gr.** *Skylda til að veita alþjónustu.*

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur falið einu eða fleiri fjarskiptafyrirtækjum að bjóða alþjónustu, sbr. 19. gr., á ákveðnum svæðum eða eftir þjónustutegundum.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa eftirlit með gjaldskrá [alþjónustuveitanda]¹⁾ og getur ákveðið hámarksverð. . . .¹⁾

□ [Ráðherra]²⁾ setur reglugerð³⁾ um alþjónustu.

¹⁾ L. 72/2018, 4. gr. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr. ³⁾ Rg. 1356/2007.

■ **21. gr.** *Fjárframlög til alþjónustu.*

□ [Ef fjarskiptafyrirtæki telur að alþjónusta sem því er gert skylt að veita, sbr. 20. gr., sé rekin með tapi og því ósanngjörn byrði á fyrirtækinu getur það sótt um til Póst- og fjar-

skiptastofnunar að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. [Stofninin metur umsókn alþjónustuveitanda og skal við útreikninga á kostnaði við alþjónustu m.a. taka mið af markaðsávinningi af því að veita þjónustuna.]¹⁾ Nánar skal kveðið á um útreikninga á kostnaði við alþjónustu í reglugerð um alþjónustu, sbr. 20. gr.]²⁾

□ Nú berst Póst- og fjarskiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti en jafnframt talið að þjónustan sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofninin þá ákvarða kostnað vegna alþjónustukvaða.

□ Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að hið útnefnda fjarskiptafyrirtæki upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartípið af starfseminni er og hvernig það sundurliðast.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrarsviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi fjarskiptafyrirtækisins við mat á kostnaði við alþjónustu.

□ Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðila að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu á gildistíma þess.

□ Nú er hluti af starfsemi fjarskiptafyrirtækis háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og skal sá þáttur starfseminnar þá vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækisins. [Ef slíkur aðskilnaður er ekki fyrir hendi skal Póst- og fjarskiptastofnun hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag.]³⁾

¹⁾ L. 72/2018, 5. gr. ²⁾ L. 78/2005, 3. gr. ³⁾ L. 39/2007, 3. gr.

■ 22. gr. Jöfnunargjald.

□ Til að standa stráum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í [ríkisjóð].¹⁾ [Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til jöfnunarsjóðs alþjónustu sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af jöfnunargjaldi.]¹⁾

□ Skal jöfnunargjaldið lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

□ Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal nema [0,10%]²⁾ af bókfærðri veltu skv. 2. mgr. Skal fjárþörf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir [ráðherra].³⁾ Verði útgjöld hærrí en nemur jöfnunargjöldum á árinu skal gjaldfæra þann mismun á skuldbindingar næsta árs. Verði fjárhæð jöfnunargjalda hærrí en nemur útgjöldum á gjaldárinu skal afgangur fluttur til næsta árs.

□ Jöfnunargjald má draga frá tekjum greiðanda á því rekstrarári þegar stofn þess myndaðist.

□ [Um álagningu og innheimtu, þ.m.t. fyrirframgreiðslu, jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 90/2003, en varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla þeirra laga.]⁴⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta upplýsingar um útreikning kostnaðar vegna alþjónustukvaða, sundurliðaðan lista yfir einstakar greiðslur fyrirtækja [á jöfnunar-

gjaldi.]¹⁾ og greinargerð um þann ávinning sem stofninin telur að fjarskiptafyrirtæki sem veita alþjónustu hafi haft.

□ [Ráðherra]³⁾ setur í reglugerð⁵⁾ um alþjónustu nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að reka almenn fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptaþjónustu og um útreikning rekstrartaps.

¹⁾ L. 47/2018, 29. gr. ²⁾ L. 145/2009, 2. gr. *Lækkun jöfnunargjaldsprósentu gildir afturvirkir frá 1. janúar 2009 skv. brbákv. s.l.* ³⁾ L. 162/2010, 239. gr. ⁴⁾ L. 78/2005, 4. gr. ⁵⁾ Rg. 1356/2007. Rg. 1227/2019, sbr. 34/2020.

■ 23. gr. Sértaek fjarskiptaþjónusta.

□ Nú óskar [ráðherra]¹⁾ eftir því að lagt sé í framkvæmdir, rekstur eða þjónustu sem er til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástaðum eða samkvæmt bygðasjónarmiðum, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal [fjarskiptasjóði]²⁾ þá falið að gera um slíkt samning við fjarskiptafyrirtæki [eftir atvikum].³⁾

□ Kostnaður sem rekja má til ákvarðana [ráðherra]¹⁾ skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur [úr fjarskiptasjóði eða eftir atvikum]²⁾ úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr. ²⁾ L. 62/2012, 5. gr. ³⁾ L. 72/2018, 6. gr.

VII. kafli. Samtenging neta og þjónustu og aðgangur að þeim.

■ 24. gr. [Samtenging neta og stýring fjarskiptaumferðar.]¹⁾

□ Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á og þeim ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal leitast við að tryggja aðgang og samtengingu og gagnvirkni þjónustu á fullnægjandi og hagkvæman hátt.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir takmarkanir sem hindra fyrirtæki í að gera samtengisamninga sín á milli.

□ Telji Póst- og fjarskiptastofnun að samtenging geti valdið hættu á rekstrartrúflunum í hinum samtengdu netum getur stofninin mælt svo fyrir að netin skuli ekki samtengd.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal birta opinberlega upplýsingar um kvaðir sem lagðar eru á fjarskiptafyrirtæki samkvæmt þessum kafla ásamt upplýsingum um viðkomandi vöru- eða þjónustumarkaði og landfræðilega markaði. Þær upplýsingar skulu vera aðgengilegar öllum sem hagsmuna eiga að gæta, enda teljist þær ekki trúnaðarmál.

□ [Í samtengisamningi og samningi um aðgang að netum skal geta um þá stýringu fjarskiptaumferðar sem aðilar áskilja sér rétt til að viðhafa í almennum fjarskiptanetum og skal stýringin uppfylla skilyrði um nauðsyn og meðalhóf. Slíka samninga um samtengingu og aðgang skal senda Póst- og fjarskiptastofnun eigi síðar en viku eftir undirritun þeirra.]¹⁾

¹⁾ L. 41/2018, 2. gr.

■ 25. gr. Aðgangur að aðstöðu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur skyldað fjarskiptafyrirtæki til að semja um samhýsingu eða annars konar samnýtingu, þ.m.t. á kapalrennum eða rorum, byggingum eða möstrum, eftir því sem segir í 2.–4. mgr.

□ Þegar fjarskiptafyrirtæki hefur rétt á að setja upp eða grafa niður fjarskiptavirki á afréttum, almenningum eða eignarlöndum, eða getur tekið land eignarnámi, sbr. 70. gr., skal Póst- og fjarskiptastofnun hvetja til samnýtingar á aðstöðu eða landareign, þ.m.t. samhýsingar. Eigi önnur fjarskiptafyrirtæki ekki aðgang að sambærilegri aðstöðu vegna um-

hverfis-, heilbrigðis- eða öryggissjónarmiða getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um samnýtingu aðstöðu eða lands. Slíkar ákvarðanir skal aðeins taka eftir almenna kynningu og að fenginni umsögn hagsmunaaðila.

□ Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar getur falið í sér fyrirmæli um skiptingu kostnaðar við aðstöðu eða land.

□ Í sérstökum tilfellum, þegar um er að ræða sérstaka landfræðilega aðstöðu eða þegar umhverfissjónarmið réttlæta samnýtingu getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt fyrir um hana þótt ákvæði 2. mgr. eigi ekki við.

■ **26. gr. Samskipti fjarskiptafyrirtækja.**

□ Fjarskiptafyrirtæki sem öðlast upplýsingar frá öðru fyrirtæki við gerð samninga um aðgang eða samtengingu eða að loknum samningum skulu eingöngu nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu á öllum stigum halda trúnað. Óheimilt er að afhenda upplýsingarnar öðrum, þar á meðal öðrum deildum fyrirtækis, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

■ **27. gr. Kvaðir á fjarskiptafyrirtæki.**

□ Þegar fjarskiptafyrirtæki er talið hafa [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að leggja á það kvaðir um gagnsæi, jafnræði, bókhaldslegan aðskilnað, opinn aðgang að sérstakri netaðstöðu, eftirlit með gjaldskrá og kostnaðarbókhald eins og með þarf í þeim tilgangi að efla virka samkeppni.

□ [Telji Póst- og fjarskiptastofnun í kjölfar markaðsgreiningar skv. 17. gr. að heildsölukvaðir eða ráðstafanir varðandi forval eða fast forval muni ekki skila tilætluðum árangri við að efla virka samkeppni og tryggja hagsmuni notenda fjarskiptapjónustu er stofnuninni heimilt að leggja smásölukvaðir á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk. Slíkar kvaðir geta m.a. falist í að leggja skyldur á fyrirtæki um þak á smásöluverð, kostnaðartengda gjaldskrá og kostnaðarbókhald, að verð miðist við verð á sambærilegum mörkuðum, banni við mismunun milli notenda og banni við að binda mismunandi tegundir fjarskiptapjónustu í einn heildarpakka skaði það samkeppni.]²⁾

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ L. 118/2008, 2. gr.

■ **28. gr. Aðgangur að netum og þjónustu.**

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ verði við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um opinn aðgang að almennum fjarskiptanetum, nethlutum og tengdri aðstöðu með ákveðnum skilmálum sem stofnunin setur, sbr. þó 3. mgr.

□ Meðal annars má krefjast af fjarskiptafyrirtækjum að þau:

a. veiti aðgang að einstökum hlutum neta eða aðstöðu, þ.m.t. aðgreindan aðgang að heimitaugum,

b. bjóði ákveðna þjónustu í heildsölu sem þriðji aðili endurselur,

c. heimili opinn aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem er nauðsynleg til að tryggja gagnvirka þjónustu eða sýndarnetþjónustu,

d. bjóði samhýsingu eða samnýtingu, þ.m.t. samnýtingu kapitalstokka, bygginga eða mastra,

e. bjóði þjónustu sem tryggir samvirkni þjónustu við notendur, þar á meðal greindarnetsþjónustu eða reiki í farsímanetum,

f. bjóði aðgang að rekstrarkerfum eða hliðstæðum hugbúnaði til þess að tryggja samkeppni í framboði þjónustu,

g. samtengi net eða netaðstöðu,

h. veiti aðgang fyrir sýndarnet,

i. veiti aðgang að annarri ómissandi aðstöðu.

□ Við ákvörðun um að leggja á skyldur skv. 1. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun taka mið af því hvort það sé:

a. tæknilega og fjárhagslega raunhæft að nota eða setja upp eigin aðstöðu í samkeppni með hliðsjón af markaðsþróun og eðli og gerð samtengingar og aðgangs sem um ræðir,

b. framkvæmanlegt að veita þann aðgang sem tillaga er um,

c. forsvaranlegt með hliðsjón af upphaflegri fjárfestingu eiganda aðstöðunnar og áhættu sem tekin var með fjárfestingunni,

d. í þágu samkeppni til lengri tíma litid,

e. óheppilegt með hliðsjón af vernd hugverkaréttinda,

f. til þess fallið að auka framboð þjónustu.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr.

■ **29. gr. Gagnsæi.**

□ Til þess að auka gagnsæi samtengingar eða aðgangs að aðstöðu fjarskiptafyrirtækis getur Póst- og fjarskiptastofnun skyldað fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ til að birta opinberlega ákveðnar upplýsingar, t.d. bókhaldsupplýsingar, tæknilýsingar, upplýsingar um einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun og verðskrá. Heimilt er að veita undanþágu frá birtingu upplýsinga ef fjarskiptafyrirtæki getur sýnt fram á að þær varði mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sem sanngjarnt og eðlilegt er að fari leynt.

□ Þegar fjarskiptafyrirtæki er gert að gæta jafnræðis getur Póst- og fjarskiptastofnun skyldað það til að gefa út viðmiðunartilboð sem innihaldi sundurliðaða lýsingu á samtengingu eða aðgangi, ásamt skilmálum og skilyrðum, þar á meðal gjaldskrá. Stofnunin getur mælt fyrir um breytingar á viðmiðunartilboði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur²⁾ um hvert skuli vera efni samtengingarsamninga og viðmiðunartilboða.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ Rgl. 94/2002.

■ **30. gr. Jafnræði.**

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt þær kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ að það gæti jafnræðis þegar það samþykkir samtengingu eða aðgang. Slíkar kvaðir skulu einkum tryggja að fjarskiptafyrirtæki setji öðrum félögum sem veita fjarskiptapjónustu sömu skilmála í sams konar viðskiptum og veiti þjónustu og upplýsingar með sömu skilmálum og sömu gæðum og það veitir eigin þjónustudeildum, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr.

■ **31. gr. Bókhaldslegur aðskilnaður.**

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt skyldur á fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ um bókhaldslegan aðskilnað milli starfsemi sem tengist samtengingu eða aðgangi og annarrar starfsemi þannig að hægt verði að skipta öllum tekjum og kostnaði niður á rekstrareiningar sem tengja má mismunandi þjónustu. Að auki getur stofnunin krafist þess af fyrirtæki sem rekur bæði fjarskiptanet og fjarskiptapjónustu að heildsöluverð þess og verð innan fyrirtækisins sé gagnsætt, m.a. til að koma í veg fyrir óréttmætar niðurgreiðslur. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið hvaða bókhaldsaðferðir nota skal.

□ Til að tryggja gagnsæi og jafnræði getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að fá afhent bókhaldsgögn, þ.m.t. upplýsingar um tekjur frá þriðja aðila.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr.

■ **32. gr.** *Efirlit með gjaldskrá.*

□ Þegar markaðsgreining gefur til kynna að skortur á virkri samkeppni hafi í för með sér að fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ krefjist of hárra gjalda eða að óeðlilega lítil munur sé á heildsölu- og smásöluverði getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt kvaðir á fjarskiptafyrirtæki um kostnaðarviðmiðun gjaldskrár og kvaðir um kostnaðarbókhald á ákveðnum tegundum samtengingar eða aðgangs. Taka skal tillit til fjárfestinga fjarskiptafyrirtækisins og hæfilegrar arðsemi af bundnu fjármagni með hliðsjón af áhættu við fjárfestinguna.

□ Þegar lögð er kvöð á fjarskiptafyrirtæki um að gjaldskrá miðist við kostnað ásamt hæfilegum hagnaði hvílir sönnunarbýrðin á fyrirtækinu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmlega rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.

□ [Ráðherra]²⁾ er heimilt að setja reglugerð³⁾ um útfærslu bókhaldslegs aðskilnaðar í rekstri fjarskiptafyrirtækja skv. 31. gr., þ.m.t. skiptingu eftir netum og þjónustu, og um nánara fyrirkomulag kostnaðargreiningar samkvæmt þessari grein, m.a. um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr. ³⁾ Rg. 564/2011.

■ **33. gr.** *Aðgangur að leigulínunum.*

□ Ríki ekki virk samkeppni á markaði fyrir leigulínur eða ákveðnar tegundir þeirra skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að a.m.k. eitt fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ bjóði fram leigulínur í heildsölu eða smásölu af þeirri tegund sem stofnunin telur að þörf sé fyrir á fjarskiptamarkaði.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr.

■ **34. gr.** *Aðgangur að heimtaugum.*

□ Fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ í almennum fjarskiptanetum og talsímabjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Fjarskiptafyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur²⁾ um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

□ Beiðnum um aðgang að heimtaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar.

□ [Ráðherra]³⁾ er heimilt að setja reglugerð⁴⁾ um sundurgreindan aðgang að heimtaugum.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ Rgl. 993/2009. ³⁾ L. 162/2010, 239. gr. ⁴⁾ Rg. 199/2002.

■ **35. gr.** *[Hámarksverð í heild- og smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.]*

□ Fjarskiptafyrirtæki, sem veita reikibjónustu hér á landi, skulu sjá til þess að heild- og smásöluverð fyrir [reikibjónustu]¹⁾ í farsímaneti, sem á sér upphaf eða lýkur innan Evr-

óska efnahagssvæðisins, sé ekki hærra en hámarksverð sem þar gildir.

□ [Ráðherra]²⁾ setur reglugerð³⁾ um [reikibjónustu]¹⁾ í almennum farsímanetum, þar sem m.a. er heimilt að kveða á um eftirfarandi:

a. Hámarksverð í heildsölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.

b. Hámarksverð í smásölu fyrir reikisímtöl í farsímanetum.

c. Hámarksverð [í heild- og smásölu]¹⁾ fyrir SMS-, MMS-bjónustu og aðra gagnaflutningsbjónustu í farsímanetum.

d. Evrópugjaldskrá.

e. Gagnsæi smásölu- og Evrópugjaldskrár.

f. Viðmiðunargengi og uppgjörsaðferðir sem fjarskiptafyrirtækjum er skylt að nota við myntbreytingar vegna reikibjónustu í farsímanetum.

g. Skyldur fjarskiptafyrirtækja til þess að verða við óskum reikiviðskiptavina um skipti milli reikigjaldskráa.

h. Upplýsingaskyldu fjarskiptafyrirtækja um viðeigandi reikigjöld.

[i. Reglur um tímamælingar og gjaldfærslur reikisímtala.

j. Gjaldtöku fyrir móttöku talhólfsskilaboða í reikibjónustu.

k. Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar upplýsingar um verð og annað tengt gagnaflutningsbjónustu í reiki.

l. Skyldu fjarskiptafyrirtækja til að gera reikiviðskiptavinum sínum kleift að fylgjast með gagnaflutningsnotkun sinni á grundvelli verðs og magns og veita þeim kost á að velja efstu mörk fyrir slíka bjónustu yfir ákveðið tímabil.]⁴⁾

¹⁾ L. 145/2009, 3. gr. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr. ³⁾ Rg. 1174/2012, sbr. 558/2016, 528/2017, 1157/2018, 583/2019 og 1248/2020. Rg. 405/2015. ⁴⁾ L. 118/2008, 3. gr.

■ **36. gr.** *Aðskilnaður sérleysisstarfsemi frá fjarskiptastarfsemi.*

□ Fjarskiptafyrirtæki eða fyrirtækjasamstæður sem reka almennt fjarskiptanet eða veita almenna fjarskiptabjónustu og njóta einka- eða sérréttinda á öðru sviði en fjarskiptum skulu halda fjarskiptastarfsemi sinni fjárhagslega aðskilinni frá annarri starfsemi eins og um óskyld fyrirtæki væri að ræða. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfisstarfsemi eða verndaðri starfsemi.

□ Ákveði þetta gildir án tillits til [markaðsstyrks]¹⁾ fyrirtækis.

□ ...²⁾

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ L. 125/2019, 15. gr.

VIII. kafli. Skilmálar og gjaldskrár.

■ **37. gr.** *Viðskiptaskilmálar.*

□ Áskrifendur fjarskiptabjónustu á einstaklingsmarkaði skulu eiga rétt á að fjarskiptafyrirtæki geri við þá samning sem skal a.m.k. innihalda eftirfarandi atriði:

a. nafn og heimilisfang þjónustuveitanda,

b. þjónusta sem veita skal, gæðaflokk þjónustu og tímang sem upphafleg tenging mun taka,

c. viðhaldsþjónusta sem boðin er,

d. nákvæmar upplýsingar um verð og gjaldskrá og hvernig hægt er að nálgast nýjustu upplýsingar um viðeigandi gjöld og viðhaldsgjöld,

e. gildistíma samningsins, skilmála fyrir endurnýjun hans og uppsögn,

f. skaðabætur og fyrirkomulag endurgreiðslu ef þjónusta er ekki í samræmi við samning,

g. hvernig hefja skuli mál til lausnar á deilum milli áskrifenda og fjarskiptafyrirtækis.

□ [Óheimilt er í samningi að kveða á um lengri binditíma áskrifenda en sex mánuði. Eftir þann tíma er áskrifanda heimilt að segja upp samningi með eins mánaðar fyrirvara. Ákveði áskrifandi að færa viðskipti sín til annars fjarskiptafyrirtækis skal vera tryggt að þjónustuflutningur gangi greiðlega fyrir sig. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur¹⁾ um þjónustuflutning.]²⁾

□ Áskrifendur á einstaklingsmarkaði skulu eiga rétt á því að segja samningum fyrirvaralaust upp án greiðslu skaðabóta þegar þeir fá tilkynningu um fyrirhugaða breytingu á samningsskilmálum. Áskrifendum á einstaklingsmarkaði skal veittur a.m.k. eins mánaðar uppsagnarfrestur áður en breytingar taka gildi og skulu þeir jafnframt upplýstir um rétt sinn til að segja upp samningi að skaðlausu vilji þeir ekki samþykka hina nýju skilmála.

□ Fjarskiptafyrirtæki skal fyrir gildistöku nýrra eða breyttra skilmála eða gjaldskrár senda Póst- og fjarskiptastofnun skilmála eða gjaldskrár til upplýsingar á því formi sem stofnunin ákveður. Stofnuninni er heimilt að krefjast breytinga á skilmálum eða gjaldskrár fyrirtækis ef efni þeirra þykir brjóta í bága við lög þessi.

□ Fjarskiptafyrirtæki skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrár fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt.

□ [Fjarskiptafyrirtæki sem býður internetþjónustu er skylt að gera áskrifendum sínum, þeim að kostnaðarlausu og ef þeir þess óska, sýnilegt hvenær þeir eru að greiða fyrir gagnaflutning erlendis frá.]³⁾

□ [Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að upplýsa notendur sína um þann kostnað sem hlýst af því að hringja úr tal- og farsímaneti þeirra í net annarra fjarskiptafyrirtækja hér á landi. Slíkar upplýsingar skulu uppfærðar eins og þörf krefur.]⁴⁾

¹⁾ Rgl. 617/2010. ²⁾ L. 39/2007, 4. gr. ³⁾ L. 78/2005, 6. gr. ⁴⁾ L. 118/2008, 4. gr.

■ 38. gr. Reikningar áskrifenda o.fl.

□ Áskrifendur [tal- og farsímaþjónustu]¹⁾ eiga rétt á að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða ...²⁾ og skulu áskrifendur alþjónustu eiga rétt á slíkum reikningum án þess að greiðsla komi fyrir.

□ Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt að bjóða áskrifendum ítarlegri reikninga gegn hæfilegu gjaldi.

□ Símtöl sem eru gjaldfrjáls, þ.m.t. símtöl vegna ráðgjafar á vegum félagslegrar þjónustu, mega ekki vera sundurliðuð á reikningi, enda hafi þeir sem veita slíka ráðgjöf tilkynnt fjarskiptafyrirtækjum um starfsemi sína fyrir fram. Við gerð sundurliðaðra reikninga skal hafa hliðsjón af [lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga].³⁾

□ [Ráðherra]⁴⁾ er heimilt að setja reglugerð⁵⁾ um meðferð upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir gerð reikninga, sundurliðun þeirra og málsmeðferð vegna kvartana.

□ Ef símtöl bera yfirgjald skal þjónustuaðili ávallt geta þess í upphafi símtals hver fjárhæð gjaldsins sé. Áskrifandi skal eiga þess kost að læsa fyrir símtöl í númer þar sem tekið er yfirgjald. Nánar skal kveðið á um símtöl og aðra virðisaukandi þjónustu í [tal- og farsímanetum]¹⁾ með yfirgjaldi í reglugerð.⁶⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita undanþágu frá upplýsingaskyldu um yfirgjald skv. 5. mgr.

¹⁾ L. 118/2008, 5. gr. ²⁾ L. 39/2007, 5. gr. ³⁾ L. 90/2018, 54. gr. ⁴⁾ L. 162/2010, 239. gr. ⁵⁾ Rg. 526/2011. ⁶⁾ Rg. 780/2010, sbr. 689/2016.

■ 39. gr. Vanskil áskrifenda.

□ Heimilt er að loka fyrir [tal- og farsímaþjónustu]¹⁾ vegna

vanskila fyrir símtöl önnur en þau sem bera yfirgjald, enda hafi áskrifanda verið gefin skrifleg aðvörðun a.m.k. mánuði fyrir lokun. Fyrsta mánuð eftir lokun skal þó vera mögulegt að hringja í áskrifandann. Einnig skal áskrifandi geta haft samband við neyðarnúmerið 112 í jafnlangan tíma. Ef gerð hefur verið tilraun til að komast hjá gjaldtöku á ólögmatan hátt eða reynt að koma gjaldskyldu yfir á óskyldan aðila er fjarskiptafyrirtæki heimilt að loka viðkomandi þjónustu án viðvörunar.

¹⁾ L. 118/2008, 6. gr.

■ 40. gr. Ábyrgðartakmarkanir.

□ Fjarskiptafyrirtækjum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna. Ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna fyrirtækisins.

■ 41. gr. [Gæði þjónustu og nethlutleysi].¹⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur gefið út reglur²⁾ um gæði fjarskiptaþjónustu og framsetningu upplýsinga sem birtar eru svo að notendur hafi aðgang að ítarlegum, samanburðarhæfum og auðskiljanlegum upplýsingum.

□ [Fjarskiptafyrirtæki skulu viðhafa ráðstafanir til að stuðla að bættri vernd, virkni og gæðum IP-fjarskiptaþjónustu. Er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að setja reglur³⁾ um slíkar ráðstafanir þar sem nánar er mælt fyrir um:

a. lágmarksgrunnþjónustu og mismunandi þjónustustig,

[b. tæknileg skilyrði þjónustunnar og lágmarksgæði hennar,

c. kröfur um upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja, mæliaðferðir og prófanir á gæðum þjónustu],¹⁾

[d.]¹⁾ ákvæði í þjónustusamningum,

[e.]¹⁾ leiðir er auðveldað mat á gæðum þjónustunnar og verðsamanburð,

[f.]¹⁾ viðeigandi ráðstafanir í tölvupóstþjónustu og annari IP-fjarskiptaþjónustu,

[g.]¹⁾ vernd og stjórnun IP-fjarskiptaneta og IP-umferðar,

[h.]¹⁾ vernd notendatenginga,

[i.]¹⁾ ferli við meðhöndlun öryggisatvika og umbætur.]⁴⁾

□ [Notendur skulu eiga rétt á því að fá aðgang að upplýsingum og efni, miðla því, nota og bjóða fram þjónustu, með því að nota búnað að eigin vali, óháð staðsetningu sinni eða fjarskiptafyrirtækis eða uppruna eða áfangastað upplýsinganna, efnisins og þjónustunnar sem fer um netaðganginn. Ákvæði 1. másl. gildir þó ekki um notkun eða aðgang að efni eða þjónustu sem brýtur gegn öðrum lögum eða dómsúrskurði.

□ Fjarskiptafyrirtæki sem veitir aðgang að internetþjónustu skal meðhöndla alla fjarskiptaumferð jafnt, án mismununar, takmarkana eða truflunar og óháð sendanda eða móttakanda, því efni sem sótt er eða miðlað, þeirri þjónustu sem notuð er eða boðin fram og þeim búnaði sem er notaður.

□ Þrátt fyrir 4. mgr. er fjarskiptafyrirtæki heimilt að beita umferðarstýringu á netumferð sé stýringin nauðsynleg, gagnsæ, hófleg og án mismununar.

□ Ráðherra setur reglugerð⁵⁾ um framkvæmd nethlutleysis, m.a. um eftirfarandi:

a. leyfilegan tilgang umferðarstýringar,

b. skilyrði fyrir beitingu umferðarstýringar,

c. skilyrði fyrir framboði á sérþjónustu sem styðst við ákveðna nethögun,

d. vernd persónuupplýsinga við beitingu umferðarstýringar,

e. upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja til áskrifenda í viðskiptaskilmálum,

f. upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja til Póst- og fjarskiptastofnunar og eftirlitsúrræði hennar, m.a. um úttektir á framkvæmd nethlutleysis.¹⁾

¹⁾ L. 41/2018, 3. gr. ²⁾ Rgl. 220/2010. ³⁾ Rgl. 1223/2007. ⁴⁾ L. 39/2007, 6. gr. ⁵⁾ Rg. 1128/2018.

IX. kafli. Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs.

■ 42. gr. Gögn um fjarskipti.

□ Gögnum um fjarskiptaumferð notenda sem geymd eru og fjarskiptafyrirtæki vinnur úr skal eyða eða gera nafnlaus þegar þeirra er ekki lengur þörf við afgreiðslu ákveðinnar fjarskiptasendingar.

□ Gögn um fjarskiptanotkun sem nauðsynleg eru til reikningsgerðar fyrir áskrifendur og uppgjörs fyrir samtengingu má geyma þar til ekki er lengur hægt að vefengja reikning eða hann fyrnist.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna [sakamála]¹⁾ og almannaöryggis, varðveita lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í sex mánuði. Lágmarksskráningin skal tryggja að fjarskiptafyrirtæki geti upplýst hver af viðskiptavinum þess var notandi tiltekins símanúmers, IP-tölu eða notandanafns, jafnframt því að upplýsa um allar tengingar sem notandinn hefur gert, dagsetningar þeirra, hverjum var tengst og magn gagnaflutnings til viðkomandi notanda. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja vörslu framangreindra gagna og er óheimilt að nota eða afhenda umræddar upplýsingar öðrum en lögreglu eða ákærvaldi í samræmi við ákvæði 3. mgr. 47. gr. Eyða ber umferðargögnum að þessum tíma liðnum enda sé ekki þörf fyrir þau á grundvelli 2. mgr.]²⁾

□ Með samþykki áskrifanda er fjarskiptafyrirtæki heimilt að vinna úr gögnum skv. 1. mgr. vegna markaðssetningar fjarskiptaþjónustu eða framboðs á virðisaukandi þjónustu að því leyti sem nauðsynlegt er fyrir slíka þjónustu eða markaðssetningu. Samþykki má afturkalla hvenær sem er.

□ Þjónustuveitandi skal upplýsa áskrifendur fyrir fram um hvaða gögn um fjarskiptanotkun eru tekin til úrvinnslu og hversu lengi úrvinnsla mun standa.

□ Úrvinnslu gagna samkvæmt þessari grein skulu þeir einir sinna sem eru undir stjórn fjarskiptafyrirtækja og sjá um gerð reikninga eða stjórnun fjarskiptaumferðar, fyrirspurnir notenda, uppljóstrun misferlis, markaðssetningu fjarskiptaþjónustu eða virðisaukandi þjónustu og skal úrvinnslan ein-skörðast við það sem er nauðsynlegt í þágu slíkrar starfsemi.

□ [Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja.]²⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 78/2005, 7. gr.

■ 43. gr. Upplýsingar um staðsetningu búnaðar.

□ Því aðeins má vinna úr upplýsingum um staðsetningu búnaðar í almennum fjarskiptanetum eða almennri fjarskiptaþjónustu að ekki sé hægt að tengja þær við einstaka notendur eða að fengnu samþykki þeirra.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu fjarskiptafyrirtæki án samþykkis notanda senda, án endurgjalds, upplýsingar samkvæmt þessari grein, að því marki sem er tæknilega gerlegt,

til félaga og stofnana sem annast neyðarþjónustu og eru opinberlega viðurkennd sem slík, þ.m.t. löggæslu-, sjúkraflutninga- og slökkvilið. Notkun upplýsinganna er einungis heimil í þeim tilgangi að staðsetja neyðarsímtöl.]¹⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um veitingu upplýsinga og vinnslu þeirra.

¹⁾ L. 39/2007, 7. gr.

■ 44. gr. Sjálfvirkur hringiflutningur.

□ Allir áskrifendur fjarskiptaþjónustu skulu eiga þess kost, á einfaldan hátt og án þess að greiðsla komi fyrir, að stöðva sjálfvirkann hringiflutning frá þriðja aðila í búnað þeirra.

■ 45. gr. Skrár yfir áskrifendur.

□ Áskrifendur í fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt á að vera skráðir í opinberum númera- og vistfangaskrár og skoða upplýsingar sem skráðar eru um þá. Áskrifendur eiga kröfu á að vera óskráðir í gagnagrunni símaskrár og er óheimilt að krefja þá um gjald fyrir það.

□ Aður en persónulegar upplýsingar um áskrifendur eru skráðar í prentuðum eða rafrænum skrár yfir áskrifendur skulu þeir eiga aðgang að upplýsingunum. Persónuupplýsingar sem skráðar eru í prentuðum og rafrænum skrár og í upplýsingaþjónustu um símanúmer skulu takmarkast við þær upplýsingar sem þarf til að bera kennsl á áskrifanda nema áskrifandinn hafi veitt ótvíráða heimild til annars. Fjarskiptafyrirtæki ber að verða við kröfu áskrifanda um að gefið sé til kynna í skrá að upplýsingar skráðar um hann megi ekki nota í tilgangi beinnar markaðssetningar eða að heimilisfangi sé sleppt að einhverju eða öllu leyti.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að öllum notendum sé opin a.m.k. ein símaskrá sem hefur upplýsingar um öll símanúmer. Einnig skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að a.m.k. ein símaupplýsingaþjónusta sé opin öllum notendum með upplýsingum um öll símanúmer með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur í þessu skyni lagt viðeigandi kvaðir á fyrirtæki með [umtalsverðan markaðsstyrk].¹⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur skyldað öll fjarskiptafyrirtæki sem úthluta áskrifendum símanúmerum til að verða við beiðnum um að láta í té viðkomandi upplýsingar í formi sem aðilar koma sér saman um, þ.m.t. tölvutæku formi, og með skilmálum sem eru sanngjarnir og byggðir á kostnaði ásamt hæfilegri álagningu. Óheimilt er að nota upplýsingarnar í öðrum tilgangi en að gefa út símaskrár eða fyrir upplýsingaþjónustu um símanúmer.

□ [Póst- og fjarskiptastofnun setur að öðru leyti reglur um skráningu notenda sem úthlutað hefur verið númerum í fastlínu- og farsímakerfum. Að því er varðar farsímakort, sem ekki eru skráð á nafn, er stofnuninni heimilt að setja reglur um skráningu þeirra í samstarfi við Neyðarlínu, lögreglu og farsímafyrirtæki í því skyni að stuðla að auknu öryggi við notkun farsíma.]²⁾

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ L. 78/2005, 8. gr.

■ 46. gr. Óumbeðin fjarskipti.

□ Notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts, [þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða (SMS og MMS)],¹⁾ fyrir beina markaðssetningu er einungis heimil þegar áskrifandi hefur veitt samþykki sitt fyrir fram.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í

hvert sinn sem skilaboð eru send hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun.

□ Að öðru leyti en mælt er fyrir í 1. og 2. mgr. eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.

□ Óheimilt er að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu þar sem nafn og heimilisfang þess sem stendur að markaðssetningu kemur ekki skýrt fram.

□ [Þeir sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símrhringingar í símanúmer sitt. Áskrifandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.]¹⁾

¹⁾ L. 39/2007, 8. gr.

■ 47. gr. Öryggi og þagnarskylda.

□ Fjarskiptafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi þjónustunnar í samráði við rekstraraðila fjarskiptaneta ef við á. [Verja skal upplýsingar sem fara um fjarskiptanet gegn því að þær glatist, skemmist eða breytist fyrir slysi eða að óviðkomandi fái aðgang að þeim.]¹⁾ Ef sérstök hættu er á að leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustuveitandinn upplýsa áskrifendur um hættuna.

□ [Fjarskiptafyrirtæki skulu skjalfesta skipulag upplýsingaöryggis með því að setja sér öryggisstefnu, gera áhættumat og ákveða öryggisráðstafanir á grundvelli þess. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur²⁾ um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum þar sem nánar er mælt fyrir um þær kröfur sem gerðar eru til skipulags upplýsingaöryggis. Skulu reglurnar m.a. kveða á um:

- hvernig skjalfesta skuli skipulag upplýsingaöryggis,
- hlítungu við tiltekna staðla,
- framkvæmd innra eftirlits,
- helstu öryggisráðstafanir sem viðhafa skal,
- tilkynningar vegna öryggisrofs,
- eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.

□ Gerðar skulu sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur almennra fjarskiptaneta. Póst- og fjarskiptastofnun setur sérstakar reglur³⁾ um virkni almennra fjarskiptaneta. Skulu reglurnar m.a. kveða á um:

- gerð skriflegrar neyðaráætlunar,
- hlítungu við tiltekna staðla,
- raunlæga vernd almennra fjarskiptaneta,
- afkastagetu og flæði umferðar um almenn fjarskiptanet,
- stjórn almennra fjarskiptaneta,
- virgni tölvupóstkerfa,
- tilkynningar vegna þjónusturofs,
- eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar.

□ Óheimil er hlustun, upptaka, geymsla eða hlerun fjarskipta með öðrum hætti nema hún fari fram með samþykki notanda eða samkvæmt heimild í lögum.

□ Notkun nýjónahugbúnaðar, vefhlerunarbúnaðar eða annars slíks búnaðar sem komið er fyrir í endabúnaði notanda til þess að fá aðgang að upplýsingum, safna földum upplýsingum eða fylgjast með athöfnun hans er einungis heimil í lögmatum tilgangi og með vitund hlutaðeigandi notanda. Notanda er rétt að hafna notkun slíks búnaðar.]¹⁾

□ Öllum sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn fjarskiptafyrirtækja eða aðra, er skylt, bæði meðan þeir gegna starfi og eftir að þeir hafa látið af því, að

halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og á milli hverra.

□ Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti, önnur skjöl eða annála um sendingar sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. [Fjarskiptafyrirtæki er þó rétt og skylt að veita lögreglu, í þágu rannsóknar [sakamáls],⁴⁾ upplýsingar um hver sé skráður eigandi ákveðins símanúmers og/eða eigandi eða notandi vistfangs (IP-tölu).]⁵⁾ Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal [að öðru leyti]⁶⁾ fara samkvæmt lögum um meðferð [sakamála].⁴⁾

□ Enginn sem starfar við fjarskiptavirki, net eða þjónustu má skjóta undan skeytum, gögnum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til fjarskiptaflutnings eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

□ Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum og táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

□ [Þeim sem rekur fjarskiptaþjónustu eða fjarskiptanet er skylt að verða við tilmælum lögreglu um aðstoð við rannsókn sakamáls, enda styðjist þau tilmæli við dómsúrskurð eða lagaheimild. [Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um viðbrögð við beiðnum um aðgang lögreglu að persónuupplýsingum notenda.]⁶⁾

□ Starfsmenn fjarskiptafyrirtækis bera þagnarskyldu um allar aðgerðir sem gripið er til skv. [10. mgr.]⁴⁾ [Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi. Fjarskiptafyrirtæki skal óska eftir öryggisvottun lögreglu vegna þeirra starfsmanna fjarskiptafyrirtækis er annast tengingar á símhlustun fyrir lögreglu. Lögreglu er í því sambandi heimilt, að fengnu skriflegu samþykki viðkomandi einstaklings, að afla upplýsinga um bakgrunn og sakaferil viðkomandi starfsmanns fjarskiptafyrirtækis, svo sem úr skráum lögreglu, sakaskrá eða öðrum opinberum skráum. Áður en lögregla lýkur athugun sinni skal þeim sem athugun beinist að gert kleift að koma sjónarmiðum sínum að. Hann á jafnframt rétt á rökstuðningi ákvarði lögregla að synja honum um öryggisvottun. Ákvörðun lögreglu um synjun öryggisvottunar sætir kærnu til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga.]⁶⁾⁷⁾

□ [Í þágu rannsóknar máls er lögreglu heimilt að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að varðveita þegar í stað tölvugögn, þar með talin gögn um tölvusamskipti. Fyrirmæli lögreglu geta eingöngu tekið til gagna sem þegar eru fyrir hendi. Í fyrirmælunum á að koma fram hvaða gögn eigi að varðveita og hve lengi, en sá tími má þó ekki vera lengri en 90 dagar.]⁴⁾

□ [Ráðherra getur sett reglugerð um skyldur fjarskiptafyrirtækja varðandi varðveislu upplýsinga og aðgang lögreglu að fjarskiptasendingum og upplýsingum samkvæmt þessari grein.]⁶⁾

¹⁾ L. 39/2007, 9. gr. ²⁾ Rgl. 1221/2007, sbr. rgl. 68/2020. ³⁾ Rgl. 1222/2007. ⁴⁾ L. 88/2008, 234. gr. ⁵⁾ L. 78/2005, 9. gr. ⁶⁾ L. 62/2012, 7. gr. ⁷⁾ L. 74/2006, 6. gr.

■ [47. gr. a. Öryggisatvik, viðbúnaður og hlutverk netöryggisveitar.

□ Fjarskiptafyrirtæki skulu tilkynna netöryggisveit á tafar um öryggisatvik eða áhættu sem ógnar net- og upplýsingakerfum þeirra. Um tilkynningar til netöryggisveitar samkvæmt ákvæði þessu fer skv. 8. og 14. gr. laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða. Netöryggisveit

skal án tafar hvetja fjarskiptafyrirtæki til að tilkynna lögreglu um öryggisatvik leiki grunur á um refsiverða háttsemi.

□ Netöryggissveit er heimilt að tilkynna ríkislögreglustjóra um alvarleg eða útbreidd atvik og áhættu sem ógnar öryggi net- og upplýsingakerfa og skal, eftir því sem við kann að eiga, hafa samstarf við embættið um varnir og viðbrögð.

□ Netöryggissveit skal aðstoða fjarskiptafyrirtæki við forvarnir, leiðbeina þeim og styðja við skjót viðbrögð gegn aðsteðjandi hættu. Við útbreit öryggisatvik samhæfir netöryggissveit aðgerðir viðeigandi aðila gegn aðsteðjandi hættu til að lágmarka tjón og reisa við óvirk kerfi.

□ Netöryggissveit skal greina og meðhöndla ógnir, hættur og atvik í net- og upplýsingakerfum fjarskiptafyrirtækja og fyrirbyggja og draga úr hættu á öryggisatvikum eins og kostur er og sporna við og lágmarka tjón aðila sem af slíku kann að hljóta.

□ Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að bregðast án tafar við til-mælum Póst- og fjarskiptastofnunar um aðgerðir gegn bráðri aðsteðjandi netógn, hvort sem sú ógn steðjar að net- og upplýsingakerfum eins eða fleiri fjarskiptafyrirtækja. Hið sama á við í tilviki mjög alvarlegrar hættu sem steðjar að net- og upplýsingakerfum mikilvægra innviða eða opinberra stofnana, almannahagsmunum eða þjóðaröryggi, enda yfirgnæfandi líkur á að fjarskiptafyrirtæki geti átt hlutdeild í að sporna við ógn, áhættu eða atviki eða lágmarka mögulegt tjón af völdum þess.

□ Netöryggissveit skal leitast við að greina netógnir, áhættu og öryggisatvik á sviði fjarskipta á frumstigi og skal hún senda út snemmiðvaranir í þeim tilgangi að styðja við skjót viðbrögð gegn aðsteðjandi hættu. Skal netöryggissveit tilkynna og miðla upplýsingum til viðeigandi hagsmunaaðila um ógnir, áhættu og öryggisatvik. Netöryggissveit veitir ráðgjöf um varnir og viðbúnað og kemur upplýsingum á framfæri við almenning ef þurfa þykir, eftir atvikum í samráði við önnur stjórnvöld.

□ Netöryggissveit skal setja á laggirnar samstarfshóp með fjarskiptafyrirtækjum fyrir tæknilegt samráð og upplýsingaskipti á sviði net- og upplýsingaöryggis, m.a. til að greina ógnir og samræma viðbrögð.¹⁾

¹⁾ L. 78/2019, 30. gr.

■ [47. gr. b. *Samningar netöryggissveitar og fjarskiptafyrirtækja.*

□ Ef Póst- og fjarskiptastofnun metur það nauðsynlegt skulu fjarskiptafyrirtæki og netöryggissveit gera með sér samning um uppsetningu og rekstur tæknilegrar vöktunarþjónustu fyrir net- og upplýsingakerfi fjarskiptafyrirtækisins í þeim tilgangi að greina hættur og ummerki um árásir, spillikóða og aðrar vísbendingar um aðstæður sem gætu skapað hættu fyrir öryggi net- og upplýsingakerfa fjarskiptafyrirtækja.

□ Samningar skv. 1. mgr. skulu a.m.k. innihalda ákvæði er varða:

a. búnað og netkerfi sem tengist vöktun netöryggissveitar,

b. tæknilegar lausnir sem beitt er við vöktun,

c. tegund og vinnsla þeirra gagna, þ.m.t. persónuupplýsinga, sem safnað er, meðferð þeirra, vistun og eyðingu.

□ Fjarskiptafyrirtækjum er skylt að hýsa og samtengjast þeim búnaði netöryggissveitar sem Póst- og fjarskiptastofnun metur nauðsynlegan skv. 1. mgr. vegna tæknilegrar vöktunarþjónustu endurgjaldslaut. Netöryggissveit er heimilt að móttaka upplýsingar á grundvelli samnings um vöktunarþjónustu án dómsúrskurðar.

□ Hvorki er heimilt að persónugreina netumferð né skima einstaka netpakka eða flæði sem netöryggissveitin kann að nema í almennum netkerfum fjarskiptafyrirtækja. Netöryggissveit er þó heimilt að móttaka upplýsingar um almenna netumferð án dómsúrskurðar, þ.m.t. á samtengipunktum og í útlandagáttum, enda séu þær upplýsingar ópersónugreinanlegar.¹⁾

¹⁾ L. 78/2019, 30. gr.

■ [47. gr. c. *Aðgangur að upplýsingum, þagnarskylda og vinnsla persónuupplýsinga.*

□ Um aðgang netöryggissveitar að gögnum og upplýsingum, um sértæka þagnarskyldu og undanþágur frá slíkri skyldu og um meðferð persónuupplýsinga skal, að breyttu breytanda, fara eftir ákvæðum 17. og 19.–21. gr. laga um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.¹⁾

¹⁾ L. 78/2019, 30. gr.

■ [47. gr. d. *Reglugerðarheimild.*

□ Ráðherra setur, að fenginni umsögn frá Persónuvernd og ríkislögreglustjóra, nánari fyrirmæli í reglugerð¹⁾ um starfsemi netöryggissveitar samkvæmt lögum þessum. Í henni skal m.a. fjalla um meðferð tilkynninga og flokkunarkerfi fyrir atvik, áhættu, upplýsingar og framsetningu tilmæla, svo og samstarf við lögreglu.²⁾

¹⁾ Rg. 475/2013. ²⁾ L. 78/2019, 30. gr.

■ 48. gr. *Hljóðritun símtala.*

□ Sá aðili að símtali sem vill hljóðrita símtal skal í upphafi þess tilkynna viðmælanda sínum um fyrirætlun sína.

□ Aðili þarf þó ekki að tilkynna sérstaklega um upptöku símtals þegar ótvírætt má ætla að viðmælanda sé kunnugt um hljóðritunina.

□ Þrátt fyrir 1. mgr. er opinberum stofnunum eða fyrirtækjum sem stofnanirnar fela slíkt heimilt að hljóðrita samtöl er þeim berast þegar slík hljóðritun er eðlilegur þáttur í starfsemi stjórnvalds og nauðsynleg vegna þjóðar- og almannaöryggis.

□ Um fyrirkomulag hljóðritunar og kynningu hennar fyrir almenningi og starfsmönnum stofnunar skal fara eftir skilyrðum sem Persónuvernd kann að setja.

□ Úrvinnsla hljóðritana samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við lagaákvæði um persónuvernd og [vinnslu]¹⁾ persónuupplýsinga.

¹⁾ L. 90/2018, 54. gr.

X. kafli. [Tal- og farsímaþjónusta.]¹⁾

¹⁾ L. 118/2008, 9. gr.

■ 49. gr. *Neyðarhringingar.*

□ Stuttúmerið 112 skal vera frátekið fyrir neyðar- og öryggisþjónustu og er óheimilt að nota það í öðrum tilgangi. Óheimilt er að gjaldfæra símtöl í neyðarnúmerið 112.

■ 50. gr. *Læsingar á aðgangi.*

□ Fjarskiptafyrirtæki sem falin hefur verið alþjónusta skulu að beiðni áskrifanda læsa fyrir ákveðnar tegundir símtala eða fyrir símtöl í ákveðnar númeraraðir, honum að kostnaðarlausu.

■ 51. gr. *Númerabirting.*

□ Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenna [tal- og farsímaþjónustu]¹⁾ skulu bjóða notendum númerabirtingu í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd [og vinnslu persónuupplýsinga].²⁾ Póst- og fjarskiptastofnun skal setja reglur³⁾ um fyrirkomulag númerabirtingar.

¹⁾ L. 118/2008, 7. gr. ²⁾ L. 90/2018, 54. gr. ³⁾ Rgl. 629/2008, sbr. rgl. 1068/2008, rgl. 463/2010 og rgl. 636/2011.

■ **52. gr. Númeraflutningur.**

□ Notendum almennrar talsímaþjónustu, að meðtalinni farsímaþjónustu, skal vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veitir þjónustuna. Þetta gildir þó ekki um númeraflutning milli fastaneta og farsímaneta.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að gjöld fyrir númeraflutning taki mið af kostnaði ásamt hæfilegri álagningu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur¹⁾ um númeraflutning og tímasetningar í því sambandi og sker úr ágreiningi um framkvæmd hans.

¹⁾ Rgl. 617/2010.

■ **53. gr. Forval og fast forval.**

□ Fyrirtæki sem hafa [umtalsverðan markaðsstyrk]¹⁾ í tengingum við almenna fasta talsímanetið skulu gera áskrifendum sínum mögulegt að fá aðgang að þjónustu allra samtengdra fyrirtækja sem veita almenna talsímaþjónustu. Fyrirkomulag þessa aðgangs getur verið annaðhvort þannig að notandi velji forskeyti á undan hverju símtali eða með föstu forvali sem hægt er að fara fram hjá í einstökum símtölum með því að velja forskeyti.

□ Þörf notenda fyrir forval eða fast forval í öðrum netum eða á annan hátt en skv. 1. mgr. skal Póst- og fjarskiptastofnun meta á grundvelli markaðsgreiningar. Ef niðurstaða markaðsgreiningar er sú að samkeppni sé ekki virk getur stofnunin lagt á kvaðir í samræmi við 27. gr.

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal tryggja að gjöld fyrir aðgang og samtengingu sem tengjast framboði á forvali og föstu forvali taki mið af kostnaði ásamt hæfilegri álagningu.

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur²⁾ um forval og fast forval.

¹⁾ L. 78/2005, 12. gr. ²⁾ Rgl. 655/2010.

■ **54. gr. Verndun talsímanetsins.**

□ Fyrirtæki sem bjóða [almenna tal- og farsímaþjónustu]¹⁾ skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem miða að því að [almenna tal- og farsímanetið og almenna tal- og farsímaþjónustan],¹⁾ þ.m.t. neyðarþjónusta, rofni ekki.

□ Óheimilt er notendum að valda truflunum eða ónæði í [tal- eða farsímanetum].¹⁾

¹⁾ L. 118/2008, 8. gr.

XI. kafli. Stafrænt útvarp.

■ **55. gr. . . .**¹⁾

¹⁾ L. 38/2011, 65. gr.

■ **56. gr. Skilyrt aðgangskerfi.**

□ Skilyrtur aðgangur að stafrænni hljóð- og sjónvarpsþjónustu skal fullnægja reglum¹⁾ sem Póst- og fjarskiptastofnun setur á grundvelli skuldbindinga samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þær kveði m.a. á um tæknilega eiginleika og skyldur til þess að veita aðgang.

¹⁾ Rgl. 570/2006.

■ **57. gr. Staðlar í gagnvirkri sjónvarpsþjónustu.**

□ Póst- og fjarskiptastofnun skal beina því til fyrirtækja sem starfkækja stafræna gagnvirka sjónvarpsþjónustu fyrir almenning eða selja þróaðan stafrænan sjónvarpsbúnað að þau noti opna staðla fyrir forritatengsl í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

■ **58. gr. Kröfur vegna stafræns útvarps í almennum fjarskiptanetum.**

□ Almenn fjarskiptanet sem sett eru upp til þess að dreifa stafrænni sjónvarpsþjónustu skulu vera fær um að dreifa

breiðskjársjónvarpsþjónustu og dagskrám. Fjarskiptafyrirtæki sem taka við og dreifa breiðskjárþjónustu eða dagskrám skulu viðhalda breiðskjárforminu.

XII. kafli. Fjarskiptabúnaður.

■ **59. gr. Búnaður fjarskiptaneta.**

□ Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tækniastaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svo og til-mæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu. Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet skulu birta upplýsingar um tæknilega eiginleika í nettengipunktum. [Ráðherra]¹⁾ getur sett reglugerð²⁾ um nánari útfærslu þessara ákvæða. Þráðlaus fjarskiptanet má einungis setja upp og nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Stofnuninni er þó heimilt að gefa út almennt leyfi fyrir þráðlaus fjarskiptanet í ákveðnum tíðnisviðum þegar geislað afl senda er undir hámarki sem stofnunin setur.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr. ²⁾ Rg. 532/2001.

■ **60. gr. Innanhússfjarskiptalagnir.**

□ [Innanhússfjarskiptalagnir í byggingum, þ.m.t. aðgangspunktur í fjarskiptainntaki, eru á ábyrgð eiganda byggingar. Staðsetning aðgangspunkts og allar innanhússfjarskiptalagnir skulu vera í samræmi við samþykkt hönnunargögn. Í fjöl-eignarhúsum skal aðgangspunktur (húskassi) vera innsiglaður eða læstur og þannig gengið frá innanhússfjarskiptalögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að þeim. Fjarskiptafyrirtæki skal eiga rétt á aðgangi að aðgangspunkti viðkomandi byggingar til að tengja sig inn á innanhússfjarskiptalagnir byggingar og lagnir viðkomandi áskrifanda, óháð því hvort innanhússfjarskiptalögnin sé tilbúin fyrir háhraðatengingu eða ekki. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur¹⁾ um frágang aðgangspunkta (húskassa) og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

□ Öll fjarskiptafyrirtæki sem eru veitendur almennra fjarskiptaneta hafa rétt til að tengja net sitt að aðgangspunkti á eigin kostnað.²⁾

¹⁾ Rgl. 1111/2015, sbr. rgl. 421/2018. ²⁾ L. 125/2019, 15. gr.

■ **61. gr. [Grunnkröfur þráðlauss búnaðar.]¹⁾**

□ [Þráðlaus fjarskiptabúnaður skal vera þannig gerður að:

a. hann tryggi heilsuvernd og öryggi einstaklinga og húsdýra og friðhelgi eignarréttar,

b. notkun hans hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulsviðs-samhæfi.

□ Þráðlaus fjarskiptabúnaður skal vera þannig gerður að hann noti á skilvirkan hátt og styrki skilvirka notkun á fjarskiptatíðnirófi til að komast hjá skaðlegri truflun.

□ Þráðlaus fjarskiptabúnaður innan tiltekinna flokka eða tegunda skal vera þannig gerður að hann sé í samræmi við eftirfarandi grunnkröfur:

a. búnaðurinn sé samvirkur við aukabúnað, einkum samræmd hleðslutæki,

b. búnaðurinn sé samvirkur um net við annan þráðlausan fjarskiptabúnað,

c. búnaðinn sé hægt að tengja við skilfleti viðeigandi tegundar á innri markaðinum,

d. búnaðurinn valdi ekki skaða á netinu eða virkni þess né því að netbúnaður sé misnotaður og valdi með því óviðunandi skerðingu á þjónustu,

e. í búnaðinum séu innbyggðar öryggisráðstafanir til að sjá til þess að persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs notandans og áskrifandans njóti verndar,

f. búnaðurinn sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem tryggja vörn gegn svikum,

g. búnaðurinn sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem tryggja aðgang að neyðarþjónustu,

h. búnaðurinn sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir sem auðvelda fötluðu fólki að nota hann,

i. búnaðurinn sé gerður fyrir sérstakar aðgerðir til að tryggja að aðeins sé hægt að hlaða hugbúnaði niður í þráðlausu fjarskiptabúnaðinn ef sýnt hefur verið fram á að samtenging þráðlausu fjarskiptabúnaðarins og hugbúnaðarins sé í samræmi við kröfur.¹⁾

□ Notendabúnaður fyrir stafrænt sjónvarp skal uppfylla kröfur um samvirkni í samræmi við reglur²⁾ sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um:

a. sameiginlegt brenglunaralgrími og gjaldfrjálsa viðtöku,

b. samvirkni hliðrænna og stafrænna sjónvarpstækja.

□ [Óheimilt er að framleiða og markaðssetja búnað eða hugbúnað sem er hannaður eða aðlagður til að sniðganga réttindi þjónustuveitanda sem veitir þjónustu um skilyrt aðgangskerfi.³⁾

¹⁾ L. 41/2018, 4. gr. ²⁾ Rgl. 570/2006. ³⁾ L. 62/2012, 9. gr.

■ 62. gr. Þráðlaus sendibúnaður.

□ Sendibúnað fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Þó má starfrækja þráðlausan búnað án sérstaks leyfis þegar hann er eingöngu notaður við almenna fjarskiptaþjónustu í tilteknu tíðnisviði. Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf fyrir notkun þráðlauss sendibúnaðar og skal leyfisbréfið [að jafnaði]¹⁾ vera tímabundið. Binda má leyfið skilyrðum, svo sem um sendiafl, staðsetningu, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingu við almenn fjarskiptanet. Leyfisbréf skulu gefin út á nafn eiganda búnaðarins og eru þau ekki framseljanleg. Leyfishafi sem selur þráðlausan búnað, sem hann hefur fengið leyfisbréf fyrir, eða afhendir hann öðrum varanlega ber ábyrgð á því að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um nýjan eiganda. Póst- og fjarskiptastofnun skal þegar í stað gera ráðstafanir til að stöðva starfrækslu þráðlausra senda, þ.m.t. útvarpsenda, sem ekki er leyfisbréf fyrir og ekki eru undanþegnir leyfissskyldu. Óheimilt er að hindra eftirlitsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar í slíkum aðgerðum, enda hafi þeir framvísað starfsskírteini sínu. ...²⁾ [Ekki þarf leyfisbréf fyrir lágafsbúnaði sem vinnur á samræmdum tíðnisviðum sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur tilkynnt að nota megi fyrir slíkan búnað.]¹⁾

□ [Seljendum leyfissskylds þráðlauss búnaðar ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hver sé kaupandi búnaðarins á því formi og með þeim hætti sem stofnunin samþykkir.]¹⁾

□ [Þrátt fyrir leyfissskyldu vegna þráðlauss sendibúnaðar skv. 1. mgr. er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að ákveða að þráðlaus sendibúnaður til tiltekinnar notkunar skuli eingöngu vera háður tilkynningarskyldu til stofnunarinnar. Heimild til notkunar slíks búnaðar er þá bundin því að Póst- og fjarskiptastofnun geri ekki athugasemd við staðsetningu búnaðarins eða eiginleika hans og virkni. Óheimilt er að nota tilkynningarskyldan sendibúnað sem ekki hefur verið tilkynntur. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um tilkynningu þráðlauss sendibúnaðar, þ.m.t. um þær kröfur sem gerðar eru

til tíðniréttaha á þeim tíðnisviðum sem slíkur búnaður starfar á.]²⁾

¹⁾ L. 78/2005, 10. gr. ²⁾ L. 34/2011, 7. gr.

■ [62. gr. a. [Gagnagrunnur almennra fjarskiptaneta.]¹⁾

□ [Póst- og fjarskiptastofnun skal halda stafrænan gagnagrunn um almenn fjarskiptanet. Í gagnagrunninn skal skrá upplýsingar um staðsetningu og tæknilega eiginleika almennra fjarskiptaneta, bæði um virka og óvirka kerfishluta.

□ Skylt er að veita Póst- og fjarskiptastofnun allar nauðsynlegar upplýsingar til skráningar í gagnagrunninn á því formi sem stofnunin ákveður. Póst- og fjarskiptastofnun getur sett reglur um samræmda skráningu upplýsinga af hálfu fjarskiptafyrirtækja og búið til sniðmát fyrir upplýsingasöfnun sem þau skulu notast við.]¹⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að hagnýta upplýsingar í gagnagrunninum í starfsemi sinni, m.a. vegna:

a. eftirlits með virkni, öryggi og heildstæði fjarskiptaneta,

b. aðgerða til að finna og koma í veg fyrir skaðlegar fjarskiptatruflanir,

c. gerðar korta um útbreiðslu fjarskiptasendinga.

[d. greiningar á markaðsbresti vegna ríkisaðstoðar,

e. greiningar á samkeppni á fjarskiptamörkuðum,

f. athugunar á samlegðartækifærum og samnýtingu fjarskiptainniða.]¹⁾

□ Heimilt er að nýta upplýsingar í gagnagrunninum í stefnumótun á sviði fjarskipta. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita öðrum viðeigandi stjórnvöldum aðgang að gagnagrunninum, að hluta eða öllu leyti, til þess að vinna að verkefnum og uppfylla skyldur sínar á sviði almannavarna, heilsuverndar, skipulagsmála og umhverfismála. Falli til kostnaður við að koma slíkum aðgangi á skal hann borinn af því stjórnvaldi sem hans óskar.

□ Heimilt er að opna fyrir takmarkaðan aðgang fyrir almenning að gagnagrunninum. Þó skal opinber aðgangur að upplýsingum í gagnagrunninum vera háður takmörkunum sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður, svo sem vegna upplýsinga er varða mikilvæga viðskipta- og öryggishagsmuni. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um skráningu og breytingar upplýsinga og um birtingu og aðgang að upplýsingum í gagnagrunninum.

□ [Heimilt er að opna fyrir takmarkaðan aðgang almennings að gagnagrunninum. Þó skal takmarka aðgengi að upplýsingum ef það er nauðsynlegt í ljósi öryggis neta og áreiðanleika þeirra, þjóðaröryggis, lýðheilsu eða öryggis almennings, trúnaðarkvaða, réttmætra samkeppnishagsmuna og rekstrar- og viðskiptaleyndarmála. Ráðherra skal heimilt að setja reglugerð um aðgengi og birtingu upplýsinga í gagnagrunninum og takmarkanir á aðgengi.]¹⁾²⁾

¹⁾ L. 125/2019, 15. gr. ²⁾ L. 34/2011, 8. gr.

■ 63. gr. Fjarskiptabúnaður í farartækjum.

□ Íslensk skip, loftför og önnur farartæki skulu búin fjarskiptabúnaði í samræmi við alþjóðasamþykktir og reglugerðir¹⁾ sem [ráðherra]²⁾ setur.

□ Fjarskiptabúnað í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptabúnaðar í erlendum farartækjum á íslenski lögsögu ef notkunin telst andstæð íslenskum reglum.

□ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur Póst- og fjarskiptastofnun heimilað notkun búnaðar sem viðurkenndur er til notkunar á alþjóðavettvangi.

¹⁾ Rg. 53/2000. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr.

■ **64. gr.** [Takmörkun fjarskipta vegna truflana eða sérstakra aðgerða.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki og rafföng eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að þau skuli afhent til geymslu undir innsigli ef fjarskiptavirkin eða rafföngin valda skaðlegum truflunum á fjarskiptum eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

□ Nú liggur fyrir að rafföng, tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda skaðlegri truflun á rekstri fjarskiptavirkis og er Póst- og fjarskiptastofnun þá heimilt að beina fyrirætlun til eiganda slíks hlutar um að hann grípi á eigin kostnað til viðeigandi úrbóta án tafar, taki t.d. niður, færi eða fjarlægji viðkomandi hlut sem veldur skaðlegri truflun.

□ Vanræki eigandi að framkvæma fyrirætlun um úrbætur getur Póst- og fjarskiptastofnun látið vinna verkið á kostnað eiganda. Krafa um kostnað vegna þessa er aðfararhæf skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989, um aðför.

□ Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða Póst- og fjarskiptastofnun við þær aðgerðir er greinir í 1. og 2. mgr.

□ Að fenginni beiðni frá Fangelsismálastofnun getur Póst- og fjarskiptastofnun veitt heimild fyrir truflun þráðlausra fjarskipta innan sérstaklega afmarkaðs svæðis vegna framkvæmdar á öryggis- og refsigæslu. Áður en slík heimild er veitt skal stofnunin leita álags fjarskiptafyrirtækja sem veita þráðlausa fjarskiptabjónustu á viðkomandi svæði.]¹⁾

¹⁾ L. 34/2011, 9. gr.

■ **65. gr.** [Samræmi búnaðar.

□ Óheimilt er að setja á markað eða bjóða á markaði annan þráðlausan fjarskiptabúnað en þann sem uppfyllir grunnkröfur 61. gr. og hefur CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar.

□ Óheimilt er að taka þráðlausan fjarskiptabúnað í notkun nema notkun hans sé í samræmi við fyrirhugaðan tilgang hans og hann uppfylli grunnkröfur 61. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar.

□ Innflutningur einstaklinga eða lögaðila á notendabúnaði til eigin nota eða í öðrum tilgangi telst markaðssetning í þessu sambandi.

□ Aðili sem hyggst setja á markað þráðlausan búnað á tíðnisviðum þar sem notkun hefur ekki verið samræmd á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þessa fyrirætlun með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Einnig skal senda stofnuninni upplýsingar um eiginleika búnaðarins, þ.m.t. tíðnisvið hans, bil milli rása, mótunaraðferð og hátíðniafl. Telji Póst- og fjarskiptastofnun hættu á því að búnaðurinn geti truflað aðra þjónustu á viðkomandi tíðnisviði getur stofnunin bannað sölu og notkun hans.]¹⁾

¹⁾ L. 41/2018, 5. gr.

■ **[65. gr. a. Skyldur rekstraraðila.**

□ Framleiðendur þráðlauss búnaðar skulu tryggja að þráðlaus fjarskiptabúnaður sem þeir setja á markað fullnægi grunnkröfum 61. gr. og hafi CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar. Framleiðendur bera ábyrgð á að framkvæmt sé samræmismat fyrir þráðlausa fjarskiptabúnaðinn. Þá skal framleiðandi þráðlauss fjarskiptabúnaðar sem settur er á markað hér á landi tryggja að honum fylgi upplýsingar fyrir notendur á íslensku um tilætlaða notkun,

helstu eiginleika og öryggismál. Þá skulu fylgja upplýsingar um framleiðslunúmer, nafn framleiðanda og skráð viðskiptaheiti hans eða vörumerki. ESB-samræmisýfirlýsing og tæknigögn skulu fylgja þráðlausa fjarskiptabúnaðinum. Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að kveða á um að upplýsingar skv. 3. máls. megi vera á ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku enda megi ætla að notendahópur viðkomandi vöru skilji hið erlenda mál vegna menntunar, starfa eða annarrar sérhæfingar.

□ Innflytjendum er einungis heimilt að setja á markað þráðlausan fjarskiptabúnað sem uppfyllir grunnkröfur 61. gr. og hefur CE-merkingu, á grundvelli samræmismats, því til staðfestingar. Skulu innflytjendur ganga úr skugga um að búnaðinum fylgi þau gögn sem framleiðanda ber að láta fylgja, sbr. 1. mgr. og reglugerð sem ráðherra setur. Þá skulu innflytjendur skrá nafn sitt og skráð viðskiptaheiti á þráðlausa fjarskiptabúnaðinn eða, ef slíkt er ekki hægt, á umbúðir hans. □ Dreifingaraðilar skulu gæta þess vandlega þegar þeir bjóða fram þráðlausan fjarskiptabúnað á markaði að hann sé í samræmi við grunnkröfur og hafi CE-merkingu því til staðfestingar. Dreifingaraðila ber að gæta þess að með búnaðinum fylgi þau gögn sem framleiðanda ber að láta fylgja, sbr. 1. mgr. og reglugerð sem ráðherra setur.

□ Uppfylli framleiðandi, innflytjandi eða dreifingaraðili ekki skyldur sem kveðið er á um í 1.–3. mgr. eða reglugerð sem ráðherra setur getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á stjórnvaldssekt skv. 74. gr. a.]²⁾

¹⁾ Rg. 944/2019. ²⁾ L. 41/2018, 6. gr.

■ **66. gr.** [Markaðseftirlit með þráðlausum fjarskiptabúnaði.

□ Póst- og fjarskiptastofnun fer með markaðseftirlit með þráðlausum fjarskiptabúnaði og rekstraraðilum hans. Skal stofnunin að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu taka til meðferðar mál er varða markaðseftirlit með þráðlausum fjarskiptabúnaði og skyldum rekstraraðila. Í því skyni skal stofnunin hafa ótakmarkaðan aðgang að sölustöðum slíks búnaðar.

□ Ef þráðlaus fjarskiptabúnaður, sem uppfyllir ekki grunnkröfur 61. gr. og reglugerðar sem ráðherra setur, er settur á markað, fluttur inn eða honum dreift, getur stofnunin krafist þess að sala hans og/eða notkun verði þegar í stað stöðvuð, búnaðurinn verði kyrrsettur eða haldlagður og að rekstraraðilar grípi til aðgerða til úrbóta. Póst- og fjarskiptastofnun getur einnig, að undangengnu mati, takmarkað að þráðlaus fjarskiptabúnaður sé settur á markað, fluttur inn eða honum dreift af ástæðum sem tengjast almannaoöryggi, almannahilbrigði og almannahagsmunum. Getur stofnunin jafnframt krafist aðgerða af hálfu rekstraraðila til úrbóta í slíkum tilvikum.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfu um að rekstraraðilar afhendi stofnuninni sundurliðaðar upplýsingar og teikningar af búnaði sem settur hefur verið á markað eða ráðgert er að setja á markað. Með slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.]¹⁾

¹⁾ L. 41/2018, 7. gr.

■ **[66. gr. a. Reglugerð um eftirlit með markaðssetningu og samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar.**

□ Ráðherra skal setja reglugerð¹⁾ um eftirlit með markaðssetningu og samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um kröfur sem gerðar eru til þráðlauss fjarskiptabúnaðar, heimildir til að bjóða þráðlausan búnað fram á markaði og notkun hans, frekari skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila þráðlauss fjarskipta-

búnaðar, samræmi þráðlauss fjarskiptabúnaðar og samræmismatsstofur, CE-merkingu, markaðseftirlit og samstarf yfirvalda.]²⁾

¹⁾ Rg. 944/2019. ²⁾ L. 41/2018, 8. gr.

XIII. kafli. Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.

■ 67. gr. Kröfur til starfsmanna fyrirtækja.

□ Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja að starfsmenn þeirra sem vinna við uppsetningu og viðhald fjarskiptavirkja hafi fengið nauðsynlega þjálfun. Fjarskiptafyrirtæki skulu upplýsa starfsmenn sína um þær skyldur sem á þeim hvíla samkvæmt lögum þessum. [Ráðherra]¹⁾ getur sett reglugerð um hæfniskröfur til þeirra sem starfa við almenn fjarskiptavirki.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr.

■ 68. gr. Heimildir til starfrækslu þráðlauss búnaðar.

□ Póst- og fjarskiptastofnun gefur út skírteini sem heimila einstaklingum að starfrækja ákveðnar tegundir þráðlauss búnaðar.

□ [Ekki er gerð krafa um sérstaka þjálfun þeirra sem starfrækja þráðlausan búnað nema í þeim tilfellum að búnaðurinn gegni öryggishlutverki eða þegar sendiafl er umfram 100 W. Heimilt er að gefa út skírteini talstöðvavarðar sem heimilar handhafa að starfrækja fjarskiptabúnað í skipum. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um útgáfu skírteinis talstöðvavarðar og hæfniskröfur í reglugerð.]¹⁾

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur veitt útlendingum sem hér dvelja í takmarkaðan tíma undanþágu til að starfrækja fjarskiptabúnað, enda hafi þeir til þess réttindi í sínu heimalandi.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur sett nánari reglur um heimildir einstaklinga til að starfrækja fjarskiptabúnað.

□ Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfi til radíóáhugamanna að fengnum umsóknum þeirra og umsögn hagsmunasamtaka áhugamanna. Erlendir ríkisborgarar geta sótt um leyfi til bráðabirgða eða til lengri tíma. [Ráðherra]²⁾ setur reglugerð³⁾ um starfsemi radíóáhugamanna.

¹⁾ L. 118/2008, 11. gr. ²⁾ L. 162/2010, 239. gr. ³⁾ Rg. 348/2004, sbr. 1306/2017.

XIV. kafli. Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.

■ 69. gr. Aðgangur að landi.

□ Nú er fjarskiptafyrirtæki nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

□ Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

■ 70. gr. Eignarnám.

□ Ef fjarskiptafyrirtæki er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má [ráðherra]¹⁾ heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að eign eða hluti hennar sé tekinn

eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matíð. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr.

■ 71. gr. Vernd fjarskiptavirkja.

□ Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. □ Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

□ Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllstu aðgæslu hafi verið gætt.

□ ...¹⁾

□ Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. [Bannað er að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja. Svæði þetta skal vera mflufjórðungs belti hvorum megin við fjarskiptastrenginn. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum.]²⁾ Nú verður tjón á fjarskiptastreng, sem valdið er af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

□ Þegar skip er innan eða utan landhelgi við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa það til kynna skulu önnur skip sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki halda sig eigi skemmra en mflufjórðung frá sæsimaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa tólf stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem liggja í sjó.

□ Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á [fjarskiptastreng]²⁾ og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mflufjórðung frá duflinu.

□ Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölnurnar til þess að komast hjá því að skemma [fjarskiptastrengi]²⁾ á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi stjórnendur skipsins ekki stofnað til hætunnar af gáleysi.

□ Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda [fjarskiptastrengsins]²⁾ eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

¹⁾ L. 34/2011, 10. gr. ²⁾ L. 78/2005, 11. gr.

XV. kafli. Fjarskipti á hættutímum.

■ 72. gr. Stöðvun fjarskipta.

□ Á ófriðartímum getur [ráðherra]¹⁾ samkvæmt ákvörðun

ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

□ Í neyðartilvikum, svo sem við eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur [ráðherra]¹⁾ að beiðni ríkislögreglustjóra . . .²⁾ mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati Póst- og fjarskiptastofnunar.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr. ²⁾ L. 82/2008, 35. gr.

XVI. kafli. Viðurlög o.fl.

■ 73. gr. Heimild til rekstrarstöðvunar.

□ Fjarskiptafyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða þjónustu samkvæmt almennri heimild eða hafa réttindi til að nota tíðnir og númer skulu að beiðni Póst- og fjarskiptastofnunar veita stofnuninni upplýsingar samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir skilyrðum almennra heimilda eða sérstakra kvaða, sbr. 5. mgr. 6. gr.

□ Komist Póst- og fjarskiptastofnun að þeirri niðurstöðu að fjarskiptafyrirtæki fari ekki að skilmálum almennra heimilda, skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum skal stofnunin tilkynna fjarskiptafyrirtækinu um þessa niðurstöðu og gefa fyrirtækinu tækifæri að koma skoðun sinni á framfæri eða lagfæra brot sitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar, skemmri tíma sem fyrirtækið samþykkir eða Póst- og fjarskiptastofnun kveður á um þegar um endurtekið brot er að ræða eða lengri tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir.

□ Láti fjarskiptafyrirtæki ekki af broti sínu innan settra tímamarka skal Póst- og fjarskiptastofnun grípa til viðeigandi ráðstafana [skv. 5. mgr. 74. gr.]¹⁾ . . .¹⁾ Tilkynna skal fjarskiptafyrirtæki um ákvörðun stofnunarinnar ásamt rökstuðningi við hana og skal veita því hæfilegan frest til þess að verða við ákvörðun.

□ . . .¹⁾

□ Við alvarleg og endurtekin brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum þegar ráðstafanir til að tryggja að farið verði að lögum hafa mistekist getur Póst- og fjarskiptastofnun stöðv- að netrekstur eða þjónustu fjarskiptafyrirtækis eða afturkall- að réttindi tímabundið eða varanlega.

□ Póst- og fjarskiptastofnun getur, ef sannanir liggja fyrir um brot á skilmálum almennrar heimildar eða skilyrðum sem tengjast réttindum eða sérstökum kvöðum sem leiðir til yfirvofandi hættu fyrir öryggi og heilsu almennings eða getur skapað alvarleg fjárhagsleg eða rekstrarleg vandamál fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki eða notendur fjarskiptaneta eða þjónustu, tekið bráðabirgðaákvörðanir til að bæta úr ástandinu áður en endanleg ákvörðun er tekin. Fjarskiptafyrirtækinu sem í hlut á skal að lokinni bráðabirgðaákvörðun veitt tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og leggja til úrbætur. Þegar við á getur Póst- og fjarskiptastofnun staðfest bráðabirgðaákvörðun sína.

¹⁾ L. 39/2007, 10. gr.

■ 74. gr. Viðurlög.

□ Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en [fangelsi allt að tveimur árum]¹⁾ ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð.

□ Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

□ Brot gegn IX. kafla laganna um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsja með fangelsi allt að þremur árum.

□ Fjarskiptabúnað sem hefur verið starfræktur í heimildarleysi má gera upptækan, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

□ Þegar fjarskiptafyrirtæki fer ekki að ákvæðum laga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda eða einstökum ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar getur stofnunin ákveðið í samræmi við ákvæði 73. gr. [að fella niður skráningu fyrirtækisins, afturkalla réttindi eða bæta við skilyrðum].²⁾

¹⁾ L. 74/2006, 7. gr. ²⁾ L. 39/2007, 11. gr.

■ [74. gr. a. Stjórnvaldssektir.

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á fjarskiptafyrirtæki sem ítrekað beitir ólögumætri stýringu fjarskiptaumferðar eða takmarkar með ólögumættum hætti aðgang notanda til þess að sækja sér, nota og miðla efni eða þjónustu á internetinu óháð staðsetningu sinni eða fjarskiptafyrirtækisins og uppruna eða áfangastað efnis eða þjónustu, sbr. 3.–5. mgr. 41. gr. Sekt getur numið allt að 10.000.000 kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjarskiptafyrirtækis af broti þegar það á við.

□ Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja stjórnvaldssekt á rekstraraðila sem brýtur gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 65. gr. og 65. gr. a og ákvæðum reglugerðar sem ráðherra setur skv. 66. gr. a. Við ákvörðun um fjárhæð stjórnvaldssektar samkvæmt þessari málsgrein skal stofnunin hafa hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt skal líta til þess hvort ætla megi að brotið hafi verið framið í þágu hagsmuna fyrirtækisins og hvort mögulega hefði mátt koma í veg fyrir lögbrotið með stjórnun og eftirliti. Loks ber að líta til þess hver fjárhagslegur styrkleiki hins eftirlitsskylda aðila er. Stjórnvaldssektir geta numið frá 10.000 kr. til 10.000.000 kr. Sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 3% af veltu síðasta almanaksárs hjá hlutaðeigandi aðila.

□ Ákvarðaðar stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar og renna þær til ríkissjóðs að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Gjaldldagi stjórnvaldssektar er 15 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin og reiknast dráttarvextir frá þeim tíma verði vanskil á greiðslu hennar.¹⁾

¹⁾ L. 41/2018, 9. gr.

■ [74. gr. b. Framfylgdarheimildir vegna óumbeðinna fjarskipta.

□ Ef brotið er gegn ákvæðum 46. gr. gilda ákvæði 20. gr. a, 20. gr. b, 2. mgr. 21. gr. c, 22.–25. gr., 25. gr. a og 27. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, um málsmeðferð og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að framkvæma vettvangskonun og prufukaup, grípa til aðgerða, leggja á sektir og dagsektir og krefjast lögþann.

□ Ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.¹⁾

¹⁾ L. 21/2020, 14. gr.

XVII. kafli. Gildistaka o.fl.

■ 75. gr. Almenn reglugerðarheimild.

□ [Ráðherra]¹⁾ setur í reglugerð²⁾ nánari fyrirmæli um framkvæmd fjarskiptamála.

¹⁾ L. 162/2010, 239. gr. ²⁾ Rg. 866/2000, sbr. 700/2005. Rg. 532/2001. Rg. 348/

2004. Rg. 741/2009, sbr. 206/2018. Rg. 564/2011. Rg. 1047/2011. Rg. 50/2014, sbr. 248/2016. Rg. 305/2019.

■ **76. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 25. júlí 2003. Ákvæði 22. gr. tekur gildi 1. janúar 2004 og kemur fyrst til framkvæmda á árinu 2005 vegna bókfærðrar veltu á árinu 2004. . . .

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.**

□ Breyta skal fjarskiptaleyfum og almennum heimildum sem í gildi eru við setningu laga þessara eigi síðar en 25. júlí 2003 til samræmis við lög þessi. Eftir það skulu reglur um almennar heimildir gilda fyrir öll fjarskiptafyrirtæki ásamt skilyrðum sem sett verða um sérstök réttindi til notkunar á tíðnum og númerum þar sem við á.

□ Þegar framkvæmd 1. mgr. hefur í för með sér minni réttindi eða auknar kvaðir samanborið við gildandi heimildir getur Póst- og fjarskiptastofnun framlengt gildistíma réttindanna og kvaðanna í allt að níu mánuði frá 25. júlí 2003 með fyrirvara um að réttindi annarra fjarskiptafyrirtækja skerðist ekki við það. Póst- og fjarskiptastofnun skal tilkynna um slíka frestun til Eftirlitsstofnunar EFTA.

■ **II.**

□ Öllum kvöðum sem í gildi eru á fjarskiptafyrirtæki, sem bjóða almenn fjarskiptanet eða þjónustu, varðandi aðgang og samtengingu skal viðhaldið þangað til endurskoðun kvaðanna hefur farið fram að lokinni markaðsgreiningu. Kvaðir sem þetta á við um eru um réttindi og skyldur til að semja um samtengingu neta og þjónustu, um að bjóða fyrirtækjum samtengingu án mismununar og um upplýsingagjöf í því sambandi, stofn samtengingargjalda og kostnaðarbókhald, aðgreiningu kostnaðar í bókhaldi og fjárhagsskýrslur, samhýsingu og samnýtingu aðstöðu, númeramál, birtingu upplýsinga og aðgang að þeim, sérstakan netaðgang sem er annar

en boðinn er í venjulegum nettengipunktum, lágmarksframboð leigulína og eftirlit með leigulínuseljanda. Enn fremur skulu kvaðir er varða smásöluverð fyrir aðgang og notkun á almennu talsímaneti, forval og fast forval halda gildi sínu þar til Póst- og fjarskiptastofnun hefur lokið markaðsgreiningu og tekið ákvörðun um álagningu, niðurfellingu eða áframhaldandi gildi slíkra kvaða.

■ **III.**

□ Við úthlutun eða endurúthlutun á tíðniréttindum á 890,1–914,9/935,1–959,9 MHz og 880–890/925–935 MHz tíðnisviðunum fram til 31. desember 2012 skal taka gjald sem nemur 1.500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Innan sömu tímamarka skal fyrir úthlutun eða endurúthlutun tíðniréttinda á 1710,1–1784,9/1805,1–1879,9 MHz tíðnisviðinu taka gjald sem nemur 500.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Gjaldið miðast við að tíðniréttindin séu gefin út til tíu ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til lengri tíma, allt að fimmtán árum, eða skemmri tíma, minnst til eins árs, skal greiða hlutfallslega í samræmi við það. Gjaldið greiðist í ríkissjóð.¹⁾

¹⁾ L. 146/2010, 1. gr.

■ **IV.**

□ Við úthlutun á tíðniréttindum á 791–821/832–862 MHz skal fram til 31. desember 2013 taka gjald sem nemur 3.000.000 kr. fyrir hvert úthlutað MHz af tíðnisviði. Gjaldið miðast við að tíðniréttindin séu gefin út til 15 ára. Sé tíðniréttindum úthlutað til lengri eða skemmri tíma skal greiða hlutfallslega í samræmi við það. Verði réttindum á tíðnisviðinu úthlutað með uppboðsaðferð skal gjald samkvæmt ákvæði þessu skoðast sem lágmarksboð. Gjaldið skal renna til fjarskiptasjóðs.¹⁾

¹⁾ L. 163/2011, 1. gr.